

Líalóna



**Aðeins hann gat orðið
frelsari okkar, bls. 8**

Hvaða sannleika getum við lært
um líkamann af upprisunni? bls. 14

Finna lausn frá byrðum
kynferðisofbeldis, bls. 22

Þekktu óvininn: Hvernig takast má
á við fjögur brögð Satans, bls. 30



Verkamaenn setja upp skilti á byggingarlóð Bern musterisins í Sviss. David O. McKay vígði musteríð í september 1955. Það var fyrsta musteríð sem byggt var utan Norður-Ameríku og í því voru helgathafnir í fyrsta sinn kynntar á öðrum tungumálum en ensku.

Ljósmynd birt með leyfi Church History Library



MÁNAÐARLEGUR BOÐSKAPUR

- 4 **Boðskapur Æðsta
forsætisráðsins: Hinn
réttláti mun lifa fyrir trú**
Dieter F. Uchtdorf forseti

- 7 **Boðskapur heimsóknarkennara:
Eiður og sáttmáli
prestðæmisins**



Á KÁPUSÍÐU
Maríurnar þrjár við gröfina,
eftir William-Adolphe Bouguereau

GREINAR

- 8 **Friðþæging frelsarans:
Undirstaða sanns kristindóms**
Öldungur Robert D. Hales
*Vegna þess að hann lifir, þá
munu allir lifa aftur.*

- 14 **Upprisa Jesú Krists og
sannleikur um líkamann**
David A. Edwards
*Upprisa Jesú Krists kennir okkur
mikilvægan sannleika um eilíft
og heilagt eðli líkamans.*

- 22 **Brú að von og lækningu**
Nanon Talley
*Hvernig getur þú eða ástvinur
þinn fundið frið, von og læk-
ningu eftir að hafa þolað nokkuð
jafn illt og hræðilegt og kynferðis-
lega misnotkun?*

- 28 **Gamla fjölskyldubúmið:
Áhrifamáttur ættarfrásagna**
Amneris Pucasu
*Sögur um áa mína eru mér
stöðug uppspretta styrks.*

30 Stríðið í algleymingi

Öldungur Larry R. Lawrence
*Öldungur Lawrence segir frá
fjórðum brögðum Satans og
hvernig sjá má í gegnum þau.*

ÞÆTTIR

- 20 **Tónlist: Kom, kom þú til hans**
Steven K. Jones og Michael F. Moody

- 38 **Fyrirmynd trúar: Skaidrite
Bokuma**

- 40 **Frá Síðari daga heilögum**

- 80 **Uns við hittumst á ný:
Máttur Guðs**
Öldungur Bruce R. McConkie



44 Að skilja patriarkablessunina þína

Allie Arnell og Margaret Willden
Patriarkablessanir eru eins og persónulegur veggísir. Hér eru nokkrar ábendingar um hvernig skilja má þína.

48 Búa sig undir nýtt ferðalag

Karina Martins Pereira Correia de Lima
Ótti og efasemdir yfir að stofna eigin fjölskyldu veldur mér áhyggjum. Hvernig get ég fundið frið?



Reyndu að finna mynd af Liahóna falda í þessu blaði.
Vísbending: Er hún skínandi?

50

50 Hvernig get ég ígrundað í huga og hjarta?

Hver er háttur Drottins við að leita svara og skilja betur ritningarnar?

52 Gerðu trúarnámið persónulegra

Lærðu hvernig þú getur náð hámarks árangri út úr trúarnámi þínu.

56 Svör frá kirkjuleiðtogum: Finna sannan frið

Öldungur Quentin L. Cook

57 Gleymdar bækur, minnisstæður vitnisburður

Abegail D. Ferrer

Ég gleymdi kirkjuefninu heima einmitt á þeim degi sem ég var beðin um að segja frá kirkjunni. Yrðu mín einföldu orð nægilega áhrifarík?

58 Þau sáu hann

Lesið þessa vitnisburði um hinn upprisna frelsara og íhugið hvort þið getið líka verið vitni um upprisnu hans.

62 Siðurnar okkar

63 Veggspjald: Áfram Herrans herir

64 Spurningar og svör

Hvernig veit ég hvort Guð hlustar á bænir mínar?



79

66 Andrés og orðbragðið

Julie C. Donaldson

Eitt lítið blótsyrði skaðar varla mikið, ekki satt?

68 Svör postula: Hvernig get ég hjálpað fjölskyldu minni að vera sterk?

Öldungur David A. Bednar

69 Búa sig dag hvern undir musterið

Joy D. Jones

Komist að því hvernig systir Jones setti sér mikilvægt markmið.

70 Skínandi stjarna

Jane McBride

Stjarna var kvíðin yfir að fara í fyrsta sinn í Barnafélagið. Gæti hún eignast vin?

72 Vera ljós!

Elizabeth Pinborough

Átta aðferðir til að vera góður vinur.

73 Kirkjusögupersónur: Dreifa fagnaðarerindinu

74 Hugsað um Jesús

Lindsay Tanner

Mía lærir um sakramentið.

76 Sögur um Jesú: Jesús gaf okkur sakramentið

Kim Webb Reid

79 Páskaliljur

Útgáfa alþjóðatimarits Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Æðsta forsætisráðið: Thomas S. Monson,
Henry B. Eyring, Dieter F. Uchtdorf

Sveit postulanna tólf: Russell M. Nelson, Dallin H. Oaks,
M. Russell Ballard, Robert D. Hales, Jeffrey R. Holland,
David A. Bednar, Quentin L. Cook, D. Todd Christofferson,
Neil L. Andersen, Ronald A. Rasband, Gary E. Stevenson,
Dale G. Renlund

Ritstjóri: Joseph W. Sitati

Aðstoðarritstjórnar: Randall K. Bennett, Carol F. McConkie

Leiðbeinendur: Brian K. Ashton, Jean B. Bingham,
LeGrand R. Curtis Jr., Christoffel Golden, Douglas D.
Holmes, Erich W. Kopschke, Larry R. Lawrence, Carole M.
Stephens

Framkvæmdastjóri: Peter F. Evans

Yfirmaður Kirkjutimarita: Allan R. Loyborg

Viðskiptastjóri: Garff Cannon

Aðalritstjóri: Adam C. Olson

Aðstoðarritstjórnar: Ryan Carr

Aðstoðarmaður við útgáfu: Cremilda Armaral

Ritverk og ritstjórn: Bethany Bartholomew, Brittany
Beattie, David Dickson, David A. Edwards, Matthew D.
Flitton, Lori Fuller, Garry H. Garff, LaRene Porter Gaunt,
Charlotte Larcabal, Michael R. Morris, Eric B. Murdock,
Sally Johnson Odekirk, Joshua J. Perkey, Jan Pinborough,
Richard M. Romney, Mindy Anne Selu, Marissa Widdison

Framkvæmdastjóri listhönnunar: J. Scott Knudsen

Yfirlisthönnuður: Tadd R. Peterson

Hönnun: Jeanette Andrews, Fay P. Andrus, C. Kimball
Bott, Thomas Child, David Green, Colleen Hinkley, Eric P.
Johnsen, Susan Lofgren, Scott M. Mooy, Mark W. Robison,
Richard Smith, Brad Teare, K. Nicole Walkenhorst

Hugverkasamræming: Collette Nebeker Aune

Framleiðslustjóri: Jane Ann Peters

Framleiðsla: Glen Adair, Connie Bowthorpe Bridge,
Julie Burdett, Bryan W. Gygi, Ginny J. Nilson, Gayle Tate
Rafferty, Derek Richardson

Prentsmið: Joshua Dennis, Ammon Harris

Framkvæmdastjóri prentsviðs: Steven T. Lewis

Dreifingarstjóri: Troy K. Vellinga

Farið á store.lds.org eða hafið samband við Dreifingarstöð
kirkjunnar á ykkar svæði eða leiðtoga deildar ykkar
eða greinar varðandi áskrift og áskriftargjöld utan
Bandaríkjanna og Kanada.

Sendið handrit og fyrirspurnir á netinu á
liahona.lds.org; með tölvupósti á liahona@ldschurch.org;
eða með hefðbundnum pósti til *Liahona*, Rm. 2420, 50 E.
North Temple St., Salt Lake City, UT 84150-0024, USA.

Timarið *Liahona* (hugtak í Mormónsbók sem táknar
„áttavita“ eða „leiðarvísi“) er gefið út á albönsku,
armensku, bislamamáli, búlgörsku, cebuano, dönsku,
hollensku, eistlensku, fijímáli, finnsku, frönsku, grísku,
haitímáli, hindú, hollensku, íslensku, indónesísku, ítölsku,
japönsku, kambódísku, kiribati, kínversku, kínversku
(einfaldað), kóreönsku, króatísku, lettnesku, litháensku,
malagísku, marshallsemáli, mongólísku, norsku,
pölsku, portúgölsku, rúmönsku, rússnesku, samóamáli,
slövensku, spænsku, svahílmáli, sænsku, tagalogmáli,
tahítímáli, tékknesku, thaimáli, tongamáli, ukráínsku,
ungversku, úrdumáli, vietnómönsku og þýsku. (Fjöldi
útgefinna blaða er mismunandi eftir löndum).

© 2017 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn.
Printed in the United States of America.

Upplýsingar um höfundarrétt: Einstaklingur er
heimilt að afrita efni úr *Liahona* til eigin nota (þar með
talið vegna kirkjukallana), en ekki í hagnaðarskyni. Þá
heimild er hægt að afturkalla hvenær sem er. Myndefni
er óheimilt að afrita, ef það er tilgreint í meðfylgjandi
upplýsingatexta. Spurningum um höfundarrétt ætti
að beina til Intellectual Property Office, 50 E. North
Temple St., FL 13, Salt Lake City, UT 84150, USA; netfang:
cor-intellectualproperty@ldschurch.org.

For Readers in the United States and Canada:

April 2016 Vol. 31 No. 1. LIAHONA (USPS 311-480)
Icelandic (ISSN 1522-9211) is published once a year
(April) by The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints,
50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150. USA
subscription price is \$1.00 per year; Canada, \$1.20 plus
applicable taxes. Periodicals Postage Paid at Salt Lake City,
Utah. Sixty days' notice required for change of address.
Include address label from a recent issue; old and new
address must be included. Send USA and Canadian
subscriptions to Salt Lake Distribution Center at address
below. Subscription help line: 1-800-537-5971. Credit
card orders (American Express, Discover, MasterCard,
Visa) may be taken by phone or at store.lds.org. (Canada
Post Information: Publication Agreement #40017431)

POSTMASTER: Send all UAA to CFS (see DMM 507.1.5.2). Send
address changes to Salt Lake Distribution Center, Church
Magazines, P.O. Box 26368, Salt Lake City, UT 84126-0368.

Hugmyndir að fjölskyldukvöldi

Í timariti þessu eru greinar og athafnir sem hægt væri að nota á fjölskyldukvöldi.
Hér eru tvö dæmi.



„Þau sáu hann,“ bls. 58: Hvað felst í því
að vera vitni Krists? Eftir að þið hafið lesið
greinina saman sem fjölskylda, getið þið
rætt hvernig þið gætuð verið vitni Krists,
jafnvel þótt þið hafið ekki séð hann í eigin
persónu. Þið getið komið með hugmyndir
að því hvernig komast mætti nær frelsar-
anum, líkt og með því að þjóna flóttafólki
í samfélagi ykkar, læra um líf frelsarans í
ritninganámi, passa börn fyrir einhver hjón,
svo þau geti farið í musteríð eða aðstoðað
vin sem hefur þörf fyrir hjálp. Þið getið
líka horft á myndbandið sem finna má á
mormon.org/easter og ígrundað mikilvægi
Krists og upprisú hans fyrir ykkur.

„Búa sig dag hvern undir musteríð,“
bls. 69: Systir Joy D. Jones minnir okkur á
mikilvægi þess að hafa musteríð í fyrirrúmi
í lífi okkar og vinna að ættarsögu okkar,
til að búa okkur undir að fara í musteríð.
Þið getið íhugað að hafa „ættarsögu- og
musteriskvöld“ á fjölskyldukvöldi. Þið
getið lært hvernig skrá á nöfn og leita að
áaskýrslum eða rætt mikilvægi helgiat-
hafna musterisins og skoðað myndir af
musterum á hinum ýmsu svæðum heims-
ins. Ef þið búið nærri musterí, þá getið
þið farið á musterislóðina og rætt hvernig
musteríð getur aukið nálægð okkar við
himneskan föður og gert okkur kleift að
upplífa kærleika hans.

MEIRA Á ALNETINU

Liahona og fleira kirkjuefni er fáanlegt á mörgum tungumálum á languages.lds.org.

Farið á facebook.com/liahona.magazine (fáanlegt á ensku, portúgölsku og spænsku) til
að finna trúarboðskap, hugmyndir að fjölskyldukvöldi og efni sem þið getið miðlað vinum
og fjölskyldu.

EFNI BLAÐSINS

Númer vísa til fyrstu síðu greinar.

Andlegur máttur, 4, 30,
63, 80
Bæn, 41, 62, 64
Eilíft líf, 8, 14
Fjölskyldan, 28, 42, 48, 68
Fordæmi, 72
Freisting, 30, 63
Friður, 48, 56, 62, 66
Friðþægingin, 8, 22, 74,
76
Heilagur andi, 50
Hugrekki, 40, 57, 63

Jesús Kristur, 8, 14, 30,
56, 58, 74, 76, 79
Kirkjusaga, 73
Kynferðisleg misnotkun,
22
Líkami, 14
Lækning, 22
Musteristilbeiðsla, 69
Patriarkablessun, 44
Páskar, 14, 58, 76, 79
Prestdæmið, 7, 80
Ritningarnám, 43, 52, 57

Sakramentið, 74, 76
Sáttmálar, 7
Stríð á himni, 30
Trú, 4, 38, 41, 48, 80
Tungumál, 40, 66
Upprisa, 8, 14, 58, 76, 79
Vínátta, 70, 72
Vítnisburður, 38, 50, 57, 58
Von, 22, 48
Þekking, 50, 52
Þjónusta, 4, 42, 68
Ættfræði, 28



Dieter F. Uchtdorf
forseti

annar ráðgjafi í
Æðsta forsætisráðinu

HINN RÉTTLÁTI MUN LIFA FYRIR TRÚ

Rabbiinn og sápugetðarmaðurinn

Til er gömul frásögn frá Gyðingum um sápugetðarmann, sem ekki trúði á Guð. Dag einn, er hann var á gangi með rabbía, sagði hann: „Það er nokkuð sem ég fæ ekki skilið. Trúarbrögð hafa verið við lýði um aldir. Ilskan, spillingin, óheiðarleikinn, óréttlætið, þjáningarnar, hungrið og ofbeldið eru þó hvarvetna yfirgnæfandi. Svo virðist sem trúarbrögð hafi alls ekki haft bætandi áhrif á heiminn. Ég spyr þig því: „Hvaða gagn er að þeim?“

Rabbiinn var þögull um stund og hélt ferð sinni áfram með sápugetðarmanninum. Loks komu þeir að leikvelli þar sem börn voru að leik í svaði, þakin óhreinindum.

„Það er nokkuð sem ég fæ ekki skilið,“ sagði rabbiinn. „Sjáðu börnin þarna. Sápa hefur verið við lýði um aldir, en samt eru börnin skítug. Hvaða gagn er að sápu?“

Sápugetðarmaðurinn svaraði: „Já, en rabbí, það er varla sanngjarnt að kenna sápunni um það að börnin séu óhrein. Það verður að nota sápu til að eitthvert gagn sé að henni.“

Rabbiinn brosti og sagði: „Nákvæmlega.“

Hvernig ber okkur að lifa?

Þáll postuli vitnaði í spámann Gamla testamentisins og útskýrði merkingu orðanna að vera trúður. Hann ritaði: „Hinn réttláti mun lifa fyrir trú“ (Róm 1:17).

Þessi einfalda staðhæfing gæti hugsanlega vakið skilning á því hvernig sum trúarbrögð geta verið brothætt og áhrifalaus og önnur haft áhrifamátt til að breyta lífi manna.

Við verðum þó fyrst að skilja hvað trú er áður en við fáum skilið merkingu þess að lifa fyrir trú.

Trú er meira en átrúnaður. Hún er að treysta Guði fullkomlega og sýna það í verki.

Hún er meira en óskhyggja.

Hún er meira en að kinka bara samþykkjandi kolli og halda síðan að sér höndum. Þegar sagt er að „hinn réttláti mun lifa fyrir trú,“ þá merkir það að við njótum handleiðslu og leiðsagnar í gegnum trú okkar. *Verk* okkar verða að samræmast trú okkar – og þá ekki af hugsunarlausri hlýðni, heldur af fullvissu og einlægri elsku til Guðs og hinn ómetanlegu visku sem hann hefur opinberað börnum sínum.

Verk þurfa að fylgja trú, ella er hún lífvana (sjá Jakbr 2:17). Þá er alls ekki um trú að ræða. Slíkt fær engum manni umbreytt, hvað þá öllum heimi.

Karlar og konur trúar reiða sig á sinn miskunnsama himneska föður – jafnvel á óvissutímum, jafnvel þegar efasendir og andstreymi herja á og varna þeim sýn og skilningi.

Trúaðir karlar og konur ganga veg lærisveinsins af alvöru og keppa að því að fylgja fordæmi þeirra ástkæra frelsara, Jesú Krists. Trú hvetur vissulega og innblæs okkur til að samstillta hjörtu okkar himni og vera virk í því að hjálpa og lyfta öðrum og blessa samferðafólk okkar.

Trúarbrögð án verka eru eins og sápa sem ekki er tekin úr umbúðum sínum. Hún getur búið yfir mörgum möguleikum, en er í raun gagnslaus allt þar til hún fær uppfyllt tilgang sinn. Hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists er fagnaðarerindi verka. Kirkja Jesú Krists kennir sönn trúarbrögð sem búa yfir von, trú og kærleika, ásamt því að liðsinna samferðafólki okkar bæði andlega og stundlega.



Uchtdorf forseti og dóttir hans, Antje, vitjuðu flóttamannabúða í nágrenni Apenu í Grikklandi.

Fyrir nokkrum mánuðum vorum ég og eiginkona mín, Harriet, í fjölskylduferð með nokkrum barna okkar á Miðjarðarhafssvæðinu. Við fórum í nokkrar flóttamannabúðir og kynntumst fjölskyldum frá stríðshrjáðum löndum. Fólkið var ekki okkar trúar, en það var samt bræður okkar og systur og hafði mikla þörf fyrir liðsinni. Það snerti hjörtu okkar þegar við sáum með eigin augum hvernig kirkjumeðlimir okkar sýna virka trú við að liðsinna og líkna samferðafólki sínu og vekja því von, burt séð frá trúarbrögðum, þjóðerni eða menntun.

Trú gædd stöðugum verkum fyllir hjartað af góðvild, hugann af visku og skilningi og sálina af frið og kærleika.

Trú okkar megnar að blessa og hafa réttlát áhrif á aðra og okkur sjálf.

Trú okkar megnar að fylla heiminn af velvilja og friði.

Trú okkar megnar að breyta illvilja í elsku og óvinum í vini.

Hinir réttlátu munu því lifa fyrir trú;

þeir munu treysta Guði og ganga á hans vegum.

Það er þesskonar trú sem fær breytt einstaklingum, fjölskyldum, þjóðum og heiminum öllum. ■

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Uchtdorf forseti útskýrir að trú sé meira en aðeins tjáning á átrúnaði. Sönn trú á himneskan föður og Jesú Krist er bundin verkum og megnar að breyta mönnum og heimilum. Þið getið beðið þau sem þið kennið að segja frá því hvenær þau hafa séð blessanir og mátt lifandi trúar – annaðhvort af eigin reynslu eða annarra. Hvetjið þau til að biðja um leiðsögn til að vita hvernig þau geti lifað betur eftir fagnaðarerindinu.

Þjóna öðrum í trú

Uchtdorf forseti segir okkur að *nauðsynlegt* sé að „verk fylgi“ trú á Guð. Þegar trú okkar er „bundin stöðugum verkum,“ útskýrir hann, „þá fyllist . . . sálin friði og kærleika.“ Með loforði um þessa blessun, þá *getum* við komið góðu til leiðar og við getum séð raunveruleika þess í lífi okkar, ef við gefum okkur tíma til að þjóna í trú. Þið getið beðist fyrir hvern morgun um að Drottinn hjálpi ykkur að þjóna öðrum. Biðjið hann til að mynda um að sýna ykkur þegar systkini þarfnast hjálpar við heimilisstörfin eða vinur þarfnast hvatningar. Þegar þið svo fáðið hugboð, farið þá eftir því! Ef þið venjið ykkur á að biðja og þjóna á þennan hátt, þá mun stöðug og trúföst breytni ykkar blessa ykkur sjálf og aðra. Uchtdorf forseti lofar að þið munuð „geta haft bætandi áhrif á einstaklinga, fjölskyldur, þjóðir og heiminn.“




BÖRN

Traust

Reynið þetta með vini. Þið þurfið að treysta honum og fylgja leiðsögn hans vandlega.

Takið ykkur penna eða blýant í hönd og lokið augunum. Fáðið vin ykkar til að segja ykkur hvar teikna á augu, nef, munn og hár til að úr verði andlit. Skoðið síðan árangurinn. Hvernig tókst til? Þið getið litað andlitið og endurtekið leikinn með því að teikna annað.

Stundum reynist erfitt að fylgja leiðsögn. Þegar við hins vegar reynum að fylgja himneskum föður með því að hlusta á heilagan anda, þá mun hann hjálpa okkur. Við getum ætíð sett traust okkar á hann.



Eiður og sáttmáli prestdæmisins

*Kynnið ykkur efnið sem hér er í
bænaranda og leitið innblásturs
til að vita hverju best er að miðla.
Hvernig getur skilningur á tilgangi
Líknarfélagsins búið dætur Guðs
undir blessanir eilífs lífs?*



Trú
fjölskylda
líkn

Því betri skilning sem við
systurnar höfum á því hvernig
eiður og sáttmáli prestæmisins
tengjast okkar daglega lífi, því
auðveldara mun okkur reynast
að taka á móti blessunum og
loforðum prestdæmisins.

Öldungur M. Russell Ballard,
í Tólfpostulasveitinni, sagði:
„Allir sem hafa gert helga sátt-
mála við Drottin og heiðra þá
sáttmála, geta hlotið persónulega
opinberun, blessun englaþjón-
ustu, átt samskipti við Guð, tekið
á móti fyllingu fagnaðærindisins
og orðið erfingjar með Jesú Kristi
að öllu sem faðirinn á.“¹

Blessanirnar og loforðin sem
tengjast eiði og sáttmála prest-
dæmisins, eiga við bæði um
karla og konur. Systir Sheri L.
Dew, fyrrverandi ráðgjafi í

aðalforsætisráði Líknarfélagsins,
sagði: „Fyllingu prestdæmisins,
sem felst í æðstu helgiathöfn
húss Drottins, geta aðeins karl
og kona hlotið í sameiningu.“²

Systir Linda K. Burton, aðal-
forseti Líknarfélagsins, setti fram
þetta boð: „Ég hvet ykkur til að
læra utanbókar eið og sáttmála
prestdæmisins, sem finna má í
Kenningu og sáttmálum 84:33–
44. Ef þið gerið það, þá heiti ég
ykkur því að heilagur andi mun
útvíkka skilning ykkar á prest-
dæminu og veita ykkur dásam-
legan innblástur og uppörvun.“³

Leiðbeiningum Josephs Smith
til Líknarfélagsins var ætlað að
búa konur undir að „taka á móti
forréttindum og blessunum og
gjöfum prestdæmisins.“ Þetta
verður að raunveruleika fyrir

tilstilli helgiathafna musterisins.

„Helgiathafnir musterisins
[eru] helgiathafnir prestdæmisins,
en þær veita ekki körlum eða
konum kirkjulega stöðu. [Þessar
helgiathafnir uppfylla] loforð
Drottins um að fólki hans –
körlum og konum – muni
„veitast kraftur frá upphæðum“
[K&S 38:32].“⁴

Fleiri ritningargreinar og upplýsingar
Kenning og sáttmálar 84:19–40;
121:45–46; reliefsociety.lds.org

HEIMILDIR

1. M. Russell Ballard, „Men and Women and Priesthood Power,” *Liahona*, sept. 2014, 36.
2. Sheri L. Dew, í *Daughters in My Kingdom: The History and Work of Relief Society* (2011), 128.
3. Linda K. Burton, „Priesthood Power—Available to All,” *Ensign*, júní 2014, 39–40.
4. Gospel Topics, „Joseph Smith’s Teachings about Priesthood, Temple, and Women,” topics.lds.org.



Til
hugleiðingar

Hvað getur
þú gert til að
auka skilning
þinn á og
aðgang að
hinum
fyrirheitnu
blessunum
eiðs og
sáttmála
prestdæmi-
sins?



GETSEMANE, EFTIR J. KIRK RICHARDS



Öldungur
Robert D. Hales
í Tólfpostulasveitinni

Friðþæging frelsarans:

UNDIRSTAÐA SANNS KRISTINDÓMS

*Við verðum öll reist upp og gerð ódauðleg
sökum friðþægingar Jesú Krists.*

Spámaðurinn Joseph Smith (1805–44) var spurður: „Hverjar eru grundvallarreglur trúar ykkar?“ Hann svaraði: „Grundvallarreglur trúar okkar eru vitnisburður postulanna og spámannanna um Jesú Krist, að hann dó, var grafinn, og reis upp á þriðja degi og sté upp til himins; og allt annað í trúarbrögðum okkar er aðeins viðauki við það.“¹

Ég ætla að ræða um þessa staðhæfingu spámannsins Josephs. Kjarni alls þess sem við trúum er frelsari okkar og friðþægingarförn hans – „lítillæti Guðs“ (1 Ne 11:16), sem felst í því að faðirinn sendi son sinn til jarðar, til að framkvæma friðþæginguna. Megin tilgangur lífs Jesú Krists var að framkvæma friðþæginguna. Friðþægingin er undirstaða kristindómsins.

Hvers vegna er friðþægingin megin trúarkenning kirkjunnarog í lífi okkar?

Trúaratriðin 1:3

Í þriðja trúaratriðinu segir: „Vér trúum, að fyrir friðþægingu Krists geti allir menn orðið hólpinir með hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins.“

Í þessu samhengi merkir „hólpinn“ að ná æðstu dýrðargráðu himneska ríkisins. Allir sem til jarðar koma, munu hljóta uppris, en til að öðlast eilíft líf, allar blessanir eilífrar framþróunar, þá verða menn að hlíta lögmálum, taka á móti helgiathöfnum og gera sáttmála fagnaðarerindisins.

Hvers vegna var það Jesús Kristur, og aðeins hann, sem gat friðþægt fyrir syndir heimsins? Hann uppfyllti öll skilyrðin til þess.

Guð elskaði hann og treysti honum

Jesús fæddist himneskum foreldrum í fortílverunni. Hann var frumburður okkar himneska föður. Hann var útvalinn frá upphafi. Hann var hlýðinn föður sínum. Í ritningunum segir oft frá þeirri gleði sem himneskur faðir nýtur sökum sonar síns.

Í Matteusarguðspjalli segir: „Og rödd kom af himnum: Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á“ (Matt 3:17).

Í Lúkasarguðspjalli segir: „Og rödd kom úr skýinu og sagði: Þessi er sonur minn, útvalinn, hlýðið á hann!“ (Lúk 9:35).

Við musterið í landi Gnægtarbrunn, eftir uppreisnu frelsarans, heyrði fólk þar rödd föðursins segja: „Sjá minn elskaða son, sem ég hef velþóknun á“ (3 Ne 11:7).

Ég kemst einkum við í hjarta er ég les um þjáningar Jesú í Getsemanegarðinum og faðirinn sendi sínum eingetna syni, af mikilli elsku og samúð, engil til að hugga hann og styrkja (sjá Lúk 22:43).

Jesús notaði sjálfræði sitt til að hlýða

Jesús þurfti að vera fús til að gefa okkur líf sitt.

Á stórþingi himins, steig Lúsífer fram, „[hin] árborna morgunstjarna,“ (Jes 14:12; K&S 76:26–27) og sagði:

„Sjá, hér er ég, send mig, ég mun vera sonur þinn og ég mun endurleysa allt mannkyn, svo að ekki glatist ein sál, og vissulega mun ég gjöra það. Veit mér þess vegna heiður þinn.

En sjá, minn elskaði sonur, sem var minn elskaði og útvaldi frá upphafi, sagði við mig – Faðir, verði þinn vilji og þín sé dýrðin að eilífu“ (HDP Móse 4:1–2; sjá einnig Abraham 3:27).

Sökum hinnar miklu elsku, sem sonurinn bar til hvers okkar og föður síns, sagði hann: „Send mig.“ Þegar hann sagði „send mig,“ þá notaði hann eigið sjálfræði.

„Eins og faðirinn þekkir mig og ég þekki föðurinn. Ég legg líf mitt í sölurnar fyrir sauðina.

„Fyrir því elskar faðirinn mig, að ég legg líf mitt í sölurnar, svo að ég fái það aftur. . . .

Enginn tekur það frá mér, heldur legg ég það sjálfur í sölurnar. Ég hef vald til að leggja það í sölurnar og vald til að taka það aftur. Þessa skipan fékk ég frá föður mínum“ (Jóh 10:15, 17–18).

Ef frelsarinn hefði viljað, hefði englasveit getað tekið hann af krossinum og borið hann rakleiðis til heimkynna föður hans. Hann notaði hins vegar eigið sjálfræði til að fórna sér fyrir okkur, til að ljúka hlutverki sínu í jarðlífinu og standast allt til enda, fullvinna friðþæginguna.

Jesús var fús til að koma til jarðar og hann uppfyllti skilyrðin. Þegar hann svo kom, sagði hann: „Ég er stigin niður af himni, ekki til að gjöra vilja minn, heldur vilja þess, er sendi mig“ (Jóh 6:38).

Jesús var forvígður

Pétur kenndi að Jesús hafi verið „útvalinn, áður en veröldin var grundvölluð“ (sjá 1 Pét 1:19–21).

Spámenn allra ráðsályktana hafa sagt fyrir um komu Jesú Krists og hlutverk hans. Enos, sem hafði mikla trú, sá í dásamlegri sýn fæðingu, dauða, uppstigningu og síðari komu frelsarans.

„Og sjá, Enok leit komudag mannssonarins, já, í holdinu. Og sál hans fagnaði og hann sagði: Hinum réttláta



er lyft upp, og lambinu er slátrað frá grundvöllun veraldar. . . .

Og Drottinn sagði við Enok: Lít á. Og hann leit og sá að mannssyninum var lyft upp á krossinum, að hætti manna–

Og hann heyrði háa raust og himnarnir huldust og öll sköpunarverk Guðs treguðu og jörðin stundi og björgin klofnuðu og hinir heilögu risu upp og voru krýndir dýrðarkórónum til hægri handar mannssyninum. . . .

Og Enok sá mannssoninn stíga upp til föðurins. . . .

Og svo bar þar við, að Enok sá þann dag, er manns-sonurinn kemur á síðustu dögum, til að dvelja í réttlæti á jörðunni í þúsund ár“ (HDP Móse 7:47, 55–56, 59, 65).

Um 75 árum fyrir fæðingu Krists vitnaði Amúlek: „Sjá, ég segi ykkur, að ég veit, að Kristur mun koma meðal mannanna barna til að taka á sig lögmálsbrot fólks síns, og hann mun friðþægja fyrir syndir heimsins, því að Drottinn Guð hefur sagt það“ (Alma 34:8).

Jesús bjó yfir sérstökum eiginleikum

Jesús Kristur var sá eini sem gat framkvæmt friðþæg- inguna – þar sem hann var fæddur af jarðneskri móður og hafði mátt lífsins frá föður sínum (sjá Jóh 5:26). Sökum þess að hann hafði mátt lífsins, þá sigraði hann dauðann, gerði mátt grafarinnar að engu og varð frelsari okkar og málsvari og meistari uppreisunnar – dyrnar að sáluhjálp og ódauðleika fyrir okkur öll. Við verðum öll reist upp og gerð ódauðleg sökum friðþægingar Jesú Krists.

Jesús var fús til að friðþægja fyrir erfðasyndina

Í öðru trúaratriðinu segir: „Vér trúum, að mönnum verði refsað fyrir eigin syndir, en ekki fyrir brot Adams.“

Við völdum að iðka trú með því að nota sjálfræði okkar. Við getum iðrast af kostgæfni, en án friðþægingarinnar væri það ekki mögulegt.

Í HDP Mósebók er okkur kennt: „Þess vegna breiddist sú sögn út á meðal fólksins, að sonur Guðs hefði friðþægt fyrir erfðasyndina, og því geta syndir foreldranna ekki komið



DINNUR DAGUR Á GOLGATA, EFTIR J. KIRK RICHARDS

yfir börnin, því að þau eru hrein frá grundvöllun veraldar“ (HDP Móse 6:54).

Í 2. Nefi er að finna undursamlega kennslu:

„Því að þegar dauðinn hefur orðið hlutskipti allra manna til að uppfylla hina miskunnsömu áætlun skaparans mikla, hlýtur og verður máttur til upprisú að vera til, og upprisan hlýtur að koma til mannsins vegna fallsins, en fallið kom vegna lögmálsbrots, og vegna þess að maðurinn varð fall- inn, útilokaðist hann úr návist Drottins.

Þess vegna hlýtur algjör friðþægning að vera til – ef ekki væri til algjör friðþægning, gæti þessi forgengileiki ekki íklæðst óforgengileika. Fyrsti dómurinn, sem kveðinn var upp yfir manninum, hlyti þess vegna að hafa haft óendanlegt gildi. Og ef svo er, hlyti þetta hold að leggjast niður í móður jörð til að rotna og molna þar og rísa ekki upp aftur“ (2 Ne 9:6–7).

Jesús var eini fullkomni maðurinn

Í Kenningu og sáttmálum segir frelsarinn: „Faðir, sjá þjáningar og dauða hans, sem enga synd drýgði, og þú hafðir velþóknun á. Sjá blóð sonar þíns, sem úthellt var, blóð hans, sem þú gafst, svo að þú mættir sjálfur dýrðlegur verða“ (K&S 45:4).

Jesús var eini maðurinn sem var fullkominn, án syndar. Förn í Gamla testamentinu var blóðförn – með tilvísun í förn Drottins okkar og frelsara á krossinum, til að gera friðþægingarförnina að veruleika. Þegar blóðförnir voru færðar

í fornum musturum, þá fórnðu prestar flekklausu lambi, sem í alla staði var fullkomið. Í ritningunum er frelsarinn oft sagður vera „Guðs lamb,“ sökum flekkleysis hans (sjá t.d. Jóh 1:29, 36; 1 Ne 12:6; 14:10; K&S 88:106).

Pétur úrskýrði að við værum endurleyst „með blóði hins lýtalausa og óflekkaða lambs“ (1 Pét 1:19).

Jesús afmáði syndir heimsins

Eftirfarandi vers útskýra glögglega að frelsarinn greiddi gjaldið fyrir syndir okkar með friðþægingu sinni.

„Vér fórum allir villir vegar sem sauðir, stefndum hver sína leið, en Drottinn lét misgjörðir vor allra koma niður á honum“ (Mósía 14:6).

„En Guð auðsýnir kærleika sinn til vor, þar sem Kristur er fyrir oss dáiinn meðan vér enn vorum í syndum vorum. . . .

Því að ef vér vorum óvinir Guðs og urðum sættir við hann með dauða sonar hans, því fremur munum vér frelsaðir verða með lífi sonar hans, nú er vér erum í sátt teknir.

Og ekki það eitt, heldur fögnum vér í Guði fyrir Drottin vorn Jesú Krist, sem vér nú höfum öðlast sáttargjörðina fyrir. . . .

Eins og hinir mörgu urðu að syndurum fyrir óhlýðni hins eina manns, þannig mun hlýðni hins eina réttlæta hina mörgu“ (Róm 5:8, 10–11, 19).

„Það átti að rætast, sem sagt er fyrir munn Jesaja spámanns: Hann tók á sig mein vor og bar sjúkdóma vora“ (Matt 8:17).

„En Guð hættir ekki að vera Guð, og miskunnsemin krefst hins iðrandi, og miskunnsemin kemur með friðþægingunni, og friðþægingin gjörir upprisu dauðra að veruleika. Og upprisa dauðra leiðir menn aftur í návist Guðs. Og á þennan hátt eru þeir endurreistir til návistar hans til að verða dæmdir af verkum sínum, samkvæmt lögmálinu og réttvísinni.

Og þannig gjörir Guð að veruleika hin miklu og eilífu áform sín, sem fyrirbúin voru frá grundvöllun veraldar. Og þannig kemur sáluhjálp og endurlausn mannanna fram, en einnig tortíming þeirra og vansæld“ (Alma 42:23, 26).

Jesús stóðst allt til enda

Jesús Kristur þoldi, þrautir og þjáningar og fórnir og raunir Getsemane og angist krossins á Golgata. Allt þar til hann gat sagt: „Það er fullkomnað“ (Jóh 19:30). Hann hafði fullkomnað verk sitt í jarðlífinu og staðist allt til enda og þannig gert friðþæginguna að veruleika.

Í garðinum sagði hann: „Faðir minn, ef verða má, þá fari þessi kaleikur fram hjá mér. Þó ekki sem ég vil, heldur sem þú vilt“ (Matt 26:39).

Í Kenningu og sáttmálum er okkur kennt:

„Þjáning [mín] varð þess valdandi, að ég, sjálfur Guð, æðstur allra, skalf af sársauka og blóð draup úr hverri svita-holu, og þjáðist bæði á líkama og í anda – og með hrolli óskaði ég þess að þurfa ekki að bergja þennan beiska bikar–

Dýrð sé föðurnum eigi að síður, og ég tæmdi hann og lauk undirbúningi mínum fyrir mannanna börn“ (K&S 19:18–19).

Jesús sagði við föður sinn: „Ég hef gjört þig dýrlegan á jörðu með því að fullkomna það verk, sem þú fékkst mér að vinna“ (Jóh 17:4).

Á krossinum, „þegar Jesús hafði fengið edikið, sagði hann: Það er fullkomnað. Þá hneigði hann höfuðið og gaf upp andann“ (Jóh 19:30).



HVAR HAFI ÞEIR LAGT HANNT? EFTIR J. KIRK RICHARDS

Jesús kom til jarðar og varðveitti guðleika sinn, svo hann gæti framkvæmt friðþæginguna og staðist allt til enda.

Hafa hann í huga með sakramentinu

Á okkar tíma minnumst við friðþægingar frelsarans með brauði og vatni – sem eru tákn um líkama hans og blóð – og innleitt var í þeim tilgangi við Síðustu kvöldmáltíð Drottins með postulum sínum.

„Og hann tók brauð, gjörði þakkir, braut það, gaf þeim og sagði: Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn. Gjörið þetta í mína minningu.

Eins tók hann kaleikinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: Þessi kaleikur er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt“ (Lúk 22:19–20).

Í Jóhannesarguðspjalli 11:25–26 lesum við:

„Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi.

Og hver sem lifir og trúir á mig, mun aldrei að eilífu deyja.“

Við lesum líka: „Ég er hið lifandi brauð, sem steig niður af himni. Hver sem etur af þessu brauði, mun lifa að eilífu. Og brauðið, sem ég mun gefa, er hold mitt, heiminum til lífs“ (Jóh 6:51).

Orðin „heiminum til lífs“ merkja eilíft líf.

Við þurfum að undirbúa okkur sjálf og fjölskyldu okkar í hverri viku til að meðtaka sakramentið verðuglega og endurnýja sáttmála okkar af iðrandi hjarta.

Faðirinn og sonurinn elska okkur

Faðirinn sendi son sinn til jarðar – lítillækkun Guðs – og leyfði að hann yrði krossfestur og þylði allt sem yfir hann kæmi. Í Jóhannesarguðspjalli lesum við:

„Jesús segir . . . ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðursins, nema fyrir mig.

Ef þér hafið þekkt mig, munuð þér og þekkja föður minn. Héðan af þekkið þér hann og hafið séð hann“ (Jóh 14:6–7).



EFAST EKKI, TÓMAS, EFTIR J. KIRK RICHARDS

„Þetta er kærleikurinn: Ekki að vér elskuðum Guð, heldur að hann elskaði oss og sendi son sinn til að vera friðþæging fyrir syndir vorar“ (1 Jóh 4:10).

Friðþæging merkir sáttargjörð eða sáttargjald.

Lokaorð

Allir sem til jarðar koma og hljóta dauðlegan líkama, munu reistir upp, en við verðum að verðskulda með eigin verkum blessanir upphafningar, fyrir trúfesti okkar, sjálf-ræði, hlýðni og iðrun. Miskunn verður útteilt af réttvísi, að skilyrðum iðrunar.


Við höfum tekið á okkur nafn Jesú Krists í skírninni og einsett okkur að fylgja honum sem frelsara okkar. Við tökum á okkur lögmál hlýðni. Við lofum að hafa hann ávallt í huga og halda boðorð hans. Við endurnýjum sáttmála okkar er við meðtökum sakramentið.

Okkur er lofað að andi hans verði ætíð með okkur, ef við endurnýjum sáttmála okkar. Ef við leyfum að andi hans verði með okkur og leiði okkur í lífinu, þá getum við komist aftur í návist himnesks föður og sonar hans, Jesú Krists, sem er sæluáætlun þeirra fyrir okkur – sáluhjálparáætlunin. ■

Úr ræðu sem heitir „Friðþægingin“, sem slutt var á námskeiði fyrir nýja trúboðsforseta, í Trúboðsskólanum í Provo, 24. júní 2008.

HEIMILDIR

1. *Teachings of Presidents of the Church: Joseph Smith* (2007), 49.



Upprisa Jesú Krists

OG SANNLEIKUR UM LÍKAMANN

David A. Edwards

Kirkjutímaritin

Hann sagði: „Það er fullkomnað.“ Þá hneigði hann höfuðið og gaf upp andann“ (Jóh 19:30). Á þeirri stundu yfirgaf andi Jesú Krists líkamann – líkama sem hafði þolað þjáningar, svo hann gæti friðþægt fyrir syndir allra manna og liðsinnt þeim í veikleika þeirra (sjá Alma 7:12–13). Sá líkami, sem þá var aðeins skelin tóm, var tekinn af krossinum, vafinn líni og loks settur í gröfina. Á þriðja degi, komu konurnar að gröfinni til að búa þann líkama undir gröfina.

En líkaminn var horfinn.

Að sjá gröfina tóma, var aðeins upphaf þess sem koma skildi. María Magdalena, postularnir, ásamt mörgum öðrum, urðu vitni að nokkru undursamlegu: Hinum upprisna, fullkomna Jesú Kristi, áþreifanlegum í mannsmynd.

Frelsarinn gætti þess vandlega að þeir sem sáu hann eftir upprisuna, hefðu fullan skilning á því hverkonar líkama hann hafði. Hann bauð til að mynda postulunum að þreifa á líkama sínum, svo þeir gætu fullvissað sig sjálfa um að hann hefði efnislíkama, en væri ekki aðeins andi (sjá Lúk 24:36–40).¹

Hann neytti jafnvel matar með þeim (sjá Lúk 24:42–43).

Þegar postularnir því framfylgdu því boði sínu um að prédika fagnaðarerindi Jesú Krists, þá upplifðu þeir andstreymi og ofsóknir, sem oft mátti rekja til þess að þeir kenndu að Jesús Kristur væri upprisinn og að allt mannkyn myndi rísa upp af þeim sökum (sjá Post 4:1–3).

Upprisa Jesú Krists er engu síður mikilvæg nú í þeim boðskap sem kirkjan boðar heiminum, en hún var á þeim tíma. Líkt og spámaðurinn Joseph Smith sagði: „Grundvallarreglur trúar okkar eru vitnisburður postula og spámanna um Jesú Krist, að hann dó, var grafinn, reis upp á þriðja degi og sté upp til himna. Og allt annað sem varðar trúarbrögð okkar er aðeins viðauki við þetta.“²

Upprisan veitir svör við grundvallarspurningum um eðli Guðs og manns og samband okkar við Guð, um tilgang lífsins og þá von sem við eigum í Jesú Kristi. Hér eru nokkur sannleikskorn sem upprisa Jesú Krists staðfestir.

*Jesús Kristur
kenndi okkur
mikilvægan sann-
leika um líkam-
ann með upprisunni.*



Hver sá sem hafnar hugmyndinni um líkamlegan Guð hafnar bæði dauðlegum og upprisnum Kristi.“
Öldungur Jeffrey R. Holland

Himneskur faðir hefur dýrðlegan líkama

Sú hugmynd að Guð sé að formi til eins og maður, á sér vissulega rætur í Biblíunni,³ og er sú ímynd að auki almenn meðal fólks, en margar trúarlegar kenningarhefðir segja svo ekki vera, að Guð „sé formlaus, án ástríðna og líkama,⁴ og í því ljósi sé líkaminn (og efnið almennt) í eðli sínu illur eða ímyndaður, því andi, hugur eða hugmyndir séu kjarni tilverunnar eða hins endanlega raunveruleika.

Hve dásamlega einfaldur og byltingakenndur var þá ekki raunveruleikinn sem opinberaðist um eðli Guðs með syni hans Jesú Kristi.

Í þjónustu sinni, sagði frelsarinn: „Sá sem hefur séð mig, hefur séð föðurinn“ (Jóh 14:9). Það átti jafnvel enn betur við eftir uppris hans og hann hafði hlotið fullkominn og ódauðlegan líkama, sem staðfesti að „faðirinn hefur líkama af holdi og beinum, jafn áþreifanlegan og mannslíkaminn er, sonurinn einnig“ (K&S 130:22).

Hið líkamlega eðli himnesks föður var þar með opinberað. Líkt og Joseph Smith útskýrði síðar: „Það sem er án líkama eða forms, er ekkert. Það er enginn annar Guð á himnum, en sá Guð sem hefur líkama af holdi og beinum.“⁵

Öldungur Jeffrey R. Holland, í Tólfpostula-sveitinni, orðaði það svona: „Ef það að hafa líkama er ekki aðeins ónauðsynlegt heldur ekki ákjósanlegt hjá Guðdóminum, hvers vegna endurleysti lausnari mannkyns þá sinn eigin líkama úr greipum dauðans, og tryggði að hann yrði aldrei framar aðgreindur frá anda sínum um tíma og eilífð? *Hver sá sem hafnar hugmyndinni um líkamlegan Guð hafnar bæði dauðlegum og upprisnum Kristi.*“⁶

Himneskur faðir er almáttugur, alvitur og býr yfir fullkomnum kærleika

Hinir óviðjafnanlegu guðlegu eiginleikar himnesks föður opinberast glögglega í þeirri staðreynd sem upprisa Jesú Krists er. Líkt og öldungur D. Todd Christofferson, í Tólfpostula-sveitinni, sagði: „Þar sem raunveruleiki uppris Krists er okkur gefinn, þá eiga efasemdir um almætti, alvisku og góðvild Guðs föðurins – sem gaf sinn eingetna son til endurlausnar heimsins – ekki við rök að styðjast.“⁷

Máttur, þekking og góðvild Guðs eru sannreynd af Jesú Kristi með upprisunni, sem staðfesta visku og elsku áætlunar himnesks föður og getu hans (og sonar hans) til að uppfylla hana.

Við erum börn Guðs

Líkt og Biblían kennir, þá skapaði Guð „manninn eftir sinni mynd . . . karl og konu“ (1 Mós 1:27). Upprisa Jesú Krists undirstrikar þennan sannleika. Í raun þá undirstrikaði Jesús Kristur samband okkar við himneskan föður stuttu eftir uppris sína, er hann sagði: „Ég stíg upp til föður míns og *og föður yðar*, til Guðs míns og Guðs yðar“ (Jóh 20:17; skáletrað hér).

Frelsarinn opinberaði að Guð og menn væru ekki svo ólíkir í grundvallaratriðum. Í grunninn er líkami okkar líkur anda okkar,⁸

og andi okkar er skapaður í mynd Guðs, því það er hin eðlislæga tenging foreldra og barna.

Líkaminn er virkjandi og göfgandi gjöf

Frelsarinn sýndi með upprisu sinni að líkamleg, holdi klædd tilvera, væri ómissandi þáttur eilífrar tilveru Guðs og barna hans. Drottinn opinberaði Joseph Smith: „Frumefnin eru eilíf, og andi og frumefni, óaðskiljanlega samtengd, taka á móti fyllingu gleðinnar“ (K&S 93:33). Andi og efni verða því óaðskiljanlega samtengd, svo úr verði einn ódauðlegur, óspillanlegur, dýrðlegur og fullkominn líkami – eini líkaminn sem býr yfir þeim eiginleika að geta tekið á móti þeirri gleðifyllingu sem Guð býr yfir.

Á móti má benda á að menn sem hafa notið efnislíkama og eru síðan aðskildir honum er þeir deyja og fara í andaheima „[líta] á hina löngu fjarveru anda sinna frá líkömum [sínun] sem fjötra“ (K&S 138:50; sjá einnig K&S 45:17).

Okkar jarðneski líkami er líka nauðsynlegur þáttur í áætlun himnesks föður og guðleg gjöf. Þegar andi okkar kemur til þessarar jarðar frá fortílverunni, þá mun honum „bætast“ (Abraham 3:26) efnislíkami. Líkt og spámaðurinn Joseph Smith kenndi: „Við komum til þessarar jarðar til að hljóta líkama og sýna hann hreinan frammi fyrir Guði í himneska ríkinu. Hin mikla sæluregla felst í því að eiga líkama. Djöfullinn hefur ekki líkama og í því felst refsing hans.“⁹

Öldungur David A. Bednar, í Tólfpostula-sveitinni, kenndi: „Efnislíkaminn gerir okkur mögulegt að upplifa fleiri og fjölbreyttari víddir en við fengum upplifað í ástandi okkar í fortílverunni. Sambönd okkar við aðra, eigin hæfni til að þekkja og breyta

samkvæmt sannleika og hlíta reglum og helgiathöfnum fagnaðarerindis Jesú Krists, eflast með efnislíkama okkar. Í skóla jarðlífsins upplifum við ljúfleika, góðvild, kærleika, hamingju, sorg, vonbrigði, sársauka og jafnvel erfiðleika líkamlegra annmarka, til að búa okkur undir eilífðina. Það eru einfaldlega lexíur og upplifanir sem okkur er nauðsynlegt að læra af, „að hætti holdsins,“ líkt og ritningarnar orða það (1 Ne 19:6; Alma 7:12–13).“¹⁰

Spámaðurinn Joseph Smith kenndi að auki: „Allar verur sem eiga efnislíkama hafa vald yfir þeim sem eiga hann ekki.“¹¹ Satan getur freistað okkar, en ekki neytt okkur. „Djöfullinn hefur aðeins vald yfir okkur að svo miklu leyti sem við leyfum honum það.“¹²

Sú gjöf að hljóta fullkominn, upprisinn líkama, gerir okkur kleift að komast varanlega undan illum áhrifum Satans. Ef engin upprisa væri, „yrðu andar vorir þegnar þess . . . sem . . . varð djöfullinn og aldrei rís aftur. Og andar

Ookkar jarðneski líkami er líka nauðsynlegur þáttur í áætlun himnesks föður og guðleg gjöf. Þegar andi okkar kemur til þessarar jarðar frá fortílverunni, þá mun honum „bætast“ (Abraham 3:26) efnislíkami.



vorir hefðu hlotið að verða honum líkir og vér að verða að djöflum, englum djöfulsins, og verða útilokaðir úr návist Guðs vors og hefðum dvalið með föður lyginnar í sömu vansæld og hann sjálfur“ (2 Ne 9:8–9).

Andinn og líkaminn eru ekki andstæðingar

Andinn og líkaminn tilheyra ekki tveimur ólíkum og ósamræmanlegum tilverusviðum í meginatriðum, þótt þetta sér af tvennum toga. Líkt og Joseph Smith uppgötvaði: „Ekkert er til án efnis. Allur andi er efni, en hann er fingerðari og tærari og aðeins hægt að greina hann með tærari augum– Við getum ekki séð hann, en þegar líkamar okkar eru hreinsaðir munum við sjá, að hann er allur efni (K&S 131:7–8).

Í sínu upprisna ástandi, þá kom Jesús Kristur fram í fullkominni sameiningu anda og líkama, sem sýnir að „andinn og líkaminn eru sál mannsins“ (K&S 88:15). Í þessu lífi keppum við að því að vera „andlega [sinnuð],“ fremur en „holdlega [sinnuð]“ (2 Ne 9:39), að „[losa] sig úr viðjum hins náttúrlega manns“ (Mósía 3:19) og að „hafa taumhald á ástríðum [okkar] (Alma 38:12). Það merkir þó ekki að andinn og líkaminn séu andstæðingar. Líkt og Jesús Kristur sýndi okkur, þá ber ekki að fyrirlíta eða upphæfja líkamann, heldur temja hann og umbreyta.

Það hefur ákveðinn tilgang að íklæðast dauðlegum líkama

Sú hugmynd að þetta líf sé prófraun, verður auðskiljanlegri þegar við hugleiðum það sem við vitum um

fortilveruna og eftirlífið. Við lifðum sem andar áður en við komum til jarðar og himneskur faðir ætlar okkur þau örlög að verða eins og hann er og dvelja ævarandi í ódauðlegum líkama. Þessi sannleikur felur í sér að reynslutími okkar í þessum dauðlega líkama er ekki geðþóttalegur, heldur hefur hann raunverulegan tilgang og merkingu.

Líkt og Öldungur Christofferson útskýrði: „Í því felst að með vali okkar sýnum við Guði (og okkur sjálfum) getu okkar og staðfestu til að lifa eftir himneskum lögmálum hans, án þess að vera í návist hans, í efnislíkama, gæddum öllum sínum eiginleikum, ástríðum og löngunum. Gætum við tamið holdið, svo það yrði fremur verkfæri andans, heldur en húsbóndi hans? Gæti okkur verið treystandi fyrir guðlegum krafti, bæði um tíma og eilífð, þar með talið kraftinum til að skapa líf? Gætum við hvert fyrir sig sigrast á hinu illa? Þeir sem það gerðu „mun bætast dýrð við dýrð alltaf og að eilífu“ [Abraham 3:26] – mikilvægur þáttur þeirrar dýrðar, er að hljóta upprisinn, ódauðlegan og dýrðlegan efnislíkama.“¹³

Upplifanir okkar í hinum jarðneska líkama, sem til að mynda tengjast samböndum okkar við aðra, gegna mikilvægu hlutverki, því þær eru eftirmynd þess sem koma skal. Líkt og Joseph Smith lærði: „Að sama félagslyndi og ríkir meðal okkar hér mun ríkja meðal okkar þar, en þar við bætist eilíf dýrð, dýrð, sem við njótum ekki nú“ (K&S 130:2).



*Í sínu upprisna
Ástandi, þá kom
Jesús Kristur fram
í fullkominni sam-
einingu anda og
líkama, sem sýnir að
„andinn og líkaminn
eru sál mannsins“
(K&S 88:15).*



Upprisa Jesú
Krists hefur,
æ frá því að gröfin
var sýnd tóm, vakið
okkur von, því með
upprisu hans get-
um við vænst okkar
eigin.

Við eigum von í Jesú Kristi

Upprisa Jesú Krists hefur, æ frá því að gröfin var sýnd tóm, vakið okkur von, því með upprisu hans getum við vænst okkar eigin, þar sem „sérhvað það sem okkur er ávant verður okkur bætt, . . . að því tilskildu að við verðum ætíð trúföst.“¹⁴

Postular frelsarans til forna gátu af eldmóð borði vitni um upprisu hans, því þeir höfðu séð og þreifað á líkama hans. Hér liggur þó mun meira að baki. Á sama hátt og Jesús Kristur hafði læknað líkamlegan hrumleika, til að sýna fram á að hann hefði máttinn til fyrirgefa syndir (sjá Lúk 5:23–25), þá varð upprisa hans – hin áþreifanlega sönnun um mátt hans til að sigrast á líkamlegum dauða – fullvissa fylgjenda hans um að hann hefði máttinn til að sigrast á andlegum dauða. Loforðin sem hann gaf með kenningum sínum – um fyrirgefningu synda, frið í þessu lífi, eilíft líf í ríki föðursins – urðu raunveruleg og trú þeirra varð óhagganleg.

„Ef Kristur er ekki upprisinn, er trú [okkar] fánýt“ (1 Kor 15:17). Þar sem hann *reis upp* frá dauðum, þá getum við átt „von fyrir friðþægingu Krists og kraft upprisu hans, [um] að vera [reist] til eilífs lífs, og það vegna trúar [okkar] á hann, í samræmi við fyrirheitið“ (Moró 7:41).

Í sínu jarðneska lífi bauð Jesús Kristur öðrum að fylgja sér. Eftir dauða hans og upprisu, urðu örlögin jafnvel enn ljósari. Ef við, fyrir hlýðni við lögmál og helgathafnir fagnaðarerindisins, tileinkum okkur „himneskan anda“ hið innra, þá er okkur mögulegt að „hljóta þann sama líkama og var náttúrlegur líkami“ og verða „[lífguð] með hluta hinnar himnesku dýrðar, [og] hljóta þá sömu, jafnvel fyllingu hennar“ (K&S 88:28–29). Hann hefur sýnt veginn. Hann er vegurinn. Það er fyrir mátt hans – fyrir friðþægingu hans og upprisu – að við getum hlotið þessa himnesku fyllingu, sem felur í sér fyllingu gleði í upprisnum líkama. ■

HEIMILDIR

1. Þegar Jesús Kristur birtist fólkinu í Vesturheimi, bauð hann því – sem skipti þúsundum – að koma „hver af öðrum“ og þreifa á höndum hans, fótum og síðu, svo það fengi bæði fundið og séð hinn upprisna Drottin (sjá 3 Ne 11:14–15; 18:25).
2. *Teachings of Presidents of the Church: Joseph Smith* (2007), 49.
3. Sjá 1 Mós 1:27; 2 Mós 33:11; Post 7:56.
4. Þótt álíka hugmyndir séu að finna í

- eldri játningum kristinna, þá er þessa áveðnu túlkun að finna í 39. trúargrein biskupakirkjunnar.
5. *Teachings: Joseph Smith*, 42.
6. Jeffrey R. Holland, „Hinn eini sanni Guð og Jesús Kristur sá sem [hann hefur] sent,“ *Aðalráðstefna*, okt. 2007, 44.
7. D. Todd Christofferson, „Upprisa Jesú Krists,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2014, 115.
8. Jafnvel opinberunin um Jesú Krist í fortílverunni var vitnisburður um þessa staðreynd,

- þar sem sýnt var að andalíkami hans varð í formi manns (sjá Eter 3:16).
9. *Teachings: Joseph Smith*, 211.
10. David A. Bednar, „Vér trúum, að vér eigum að vera skírlíf,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2013, 44.
11. *Teachings: Joseph Smith*, 211.
12. *Teachings: Joseph Smith*, 214.
13. D. Todd Christofferson, „Af hverju hjónaband og fjölskylda,“ *Aðalráðstefna*, apríl 2015, 33.
14. *Teachings: Joseph Smith*, 51.

Kom, kom þú til hans

Imnilega ♩ = 44-48

Texti: Steven K. Jones
Lag: Michael F. Moody

mp

H.H.

1. Hann
(2. Hann)
(3. Hann)

5

kom — til oss. Hann elsk - ar svo heitt. Það er eng - in sál, sem hann
kom — á jörð. Hann tók gerv - i manns. Það er ekk - ert fár, sem hann
var — með oss, svo kunn - ug - ur sorg. Það er eng - in trúr, sem hann

8

rall.

ei get - ur snert, ei líf — svo svart hann ei fær breytt, — ei
ei kann á skil, ei mein — svo sárt hann ei fær grætt, — ei
ei veit - ir líkn. Hann opn - ar sýn, hann létt - ir sekt. — Víst

11

a tempo

sorg - ir og sút - ir hann ei fær eytt. Kom, kom þú til
kvíð - i og kval - ir hann ei fær bætt. Kom, kom þú til
trú - ir og trygg - ir hann haf - a þekkt Kom, kom þú til

2



14

hans. _____
hans. _____ Kom til hans. Kom, lær hans orð. _____ Hans
hans. _____

17

hjárt - a' er auð - mjúkt og sam - úð - ar - fullt. Kom, kom þú til

20

hans. _____ 1. 2. 3. 2. Hann 3. Hann Ó,

23

rall.
kom, kom þú til hans. _____

© 2016 Steven K. Jones og Michael F. Moody. Allur réttur áskilinn.
Þennan söng má afrita til nota í kirkju eða heima en ekki í hagnaðarskyni.



BRÚ AÐ VON OG lækningu

*Með viðeigandi hjálp
geta fórnarlömb kyn-
ferðisofbeldis fundið
þá lækningu, sem
þau þrá svo innilega.*

Nanon Talley

Fjölskylduþjónusta SDH, Texas, Bandaríkjunum

Í myndið ykkur að þið stæðuð á klettabrún og vilduð komast yfir djúpt gljúfur, þar sem ykkur hefur verið sagt að ykkar biði mikil hamingja. Þegar þið leitið að leið yfir gljúfrið, finnið þið stafla af efniviði sem þið getið notað til að byggja brú, en þurfið að gera það á réttan hátt.

Ef þið kunnið ekki að byggja brúna, er efniviðurinn gagnslaus og þið verðið vonlaus og vonsvikin. Ef þið hins vegar fáið hjálp einhvers sem er vanur brúarsmíði, getið þið vaxið að þekkingu og skilningi og leyst verkefnið í sameiningu.

Síðastliðin 18 ár hefur starf mitt falist í því að sjá fólki fyrir úrræðum og leiðsögn, til að hjálpa því yfir gljúfur tilfinningalegra eða huglægra þjáninga. Af öllum þeim sem ég hef unnið með, virðast fórnarlömb kynferðisofbeldis hafa orðið fyrir mestum skaða. Ég hef séð áhrif þess á getu einstaklingsins til að standast vel allt til enda.

Ég hef þó líka vaknað til vitundar um að mögulegt er að hljóta varanlega lækningu frá þrautum og þjáningum okkar fyrir tilstilli frelsarans. Kærleikur hans lyftir fólki úr myrkri inn í ljósið.

Hvers vegna veldur kynferðisofbeldi slíkum skaða?

Fórarlömb slíks ofbeldis hafa sagt mér að líf þeirra sé fyllt depurð, sjálfsefa og öðrum djúpum og sárum tilfinningum. Gordon B. Hinckley forseti (1910–2008) hefur hjálpað okkur að skilja af hverju kynferðisofbeldi veldur slíkum sársauka:

„Kynferðisofbeldi er siðlaust og hræðilegt. Það er óskiljanlegt. Það lítilsvirðir og smánar allar sómatilfinningar, sem ættu að vera ríkjandi í öllum körlum og konum. Það er óvirðing við allt heilagt og guðlegt. Það eyðileggur líf barna. Það er vítavert og verðskuldar verstu fordæmingu.

Vei sé hverjum þeim karli eða konu sem beitir börn kynferðisofbeldi. Með slíkum verknaði mun gerandinn ekki aðeins *valda afar alvarlegum skaða*. Hann verður líka fordæmdur frammi fyrir Drottni.“¹

Getnaðarkrafturinn er helgur og guðlegur kraftur sem himneskur faðir hefur falið börnum sínum. Öldungur David A. Bednar, í Tólfpostulasveitinni, kenndi: „Getnaðarkrafturinn er andlega mikilvægur. . . . Himneskur faðir og ástkær sonur hans eru skaparar og hafa treyst hverju okkar

fyrir hluta af sköpunarkrafti þeirra.“² Það er því engin furða að misnotkun þessa helga kraftar „verðskuldi verstu fordæmingu“ og valdi „afar alvarlegum skaða.“

Að skilja sársaukann

Kynferðisofbeldi er hverskyns ósamþykkt athöfn, hvort heldur það á sér stað snerting eður ei, þar sem einn einstaklingur misnotar annan til að fullnægja eigin kynferðisþörf. Allt of oft upplifa fórnarlömb kynferðisofbeldis næstum óbærilega hugarangist, ásamt tilfinningum um óverðugleika og skömm. Þrautir og þjáningar fórnarlambssins magnast oft upp við athugasemdir annarra, sem eiga sér rætur í skilningi á kynferðisofbeldi og áhrifum þess. Sum fórnarlambanna eru sögð ljúga eða þeim talið trú um að þau beri á einhvern hátt sjálf ábyrgð á ofbeldinu. Sumum þeirra er ranglega talið trú um að þau verði að iðrast, líkt og það felist synd í því að vera í stöðu fórnarlambss.

Mörgum sem ég hef unnið með, sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi á barns- eða unglingsaldri, er sagt að „jafna sig á þessu“, „róta ekki við fortíðinni“ eða „bara að gleyma og fyrirgefa.“ Slíkar yfirlýsingar – einkum þegar þær koma frá nánnum vinum, fjölskyldumeðlimum eða kirkjuleiðtogum – geta leitt til aukinnar smánar og launungar, fremur en lækningar og friðar. Á sama hátt og á við um alvarlega líkamlega áverka eða opin sár, þá hverfa ekki sárar tilfinningar einfaldlega með því að lokað sé á þær. Hugarangistin sem hófst með ofbeldinu eykst miklu fremur, og hún, ásamt hinum sáru tilfinningum, veldur hugsanabrenslun, sem að endingu leiðir til óheilnæmrar hegðunar. Oftar en ella, þá átta fórnarlömb slíks ofbeldis sig ekki á því að um ofbeldi sé að ræða, en geta þó þróað með sér óheilnæma hegðun og sárar tilfinningar.

Hanna (nafni er breytt) upplifði kynferðislegt ofbeldi á barnsaldri. Líkt og á við um önnur slík fórnarlömb, þá óx hún úr grasi í þeirri trú að hún væri einskis nýt og hræðileg manneskja. Hún varði mestum hluta ævinnar í að þjóna öðrum, til að reyna að vinna bug á þeirri tilfinningu að vera ekki „nógu góð“ til að vera elskuð af himneskum föður eða



einhverjum öðrum. Í samböndum sínum óttaðist hún, að ef einhver kæmist að því hver hún í raun væri, þá yrð hún talin eins hræðileg manneskja, og hún sjálf trúði. Hún upplifði mikinn höfnunarkvíða, sem vakti henni ótta við að takast á við eitthvað nýtt í lífinu eða bara eitthvað einfalt, eins og að hringja í einhvern. Hún bjó yfir listamannshæfileikum en gaf þá upp á bátinn, því hún óttaðist að geta ekki tekist á við gagnrýni.

Í yfir 50 ár lét hún daglega stjórna af vanmætti, ótta, reiði, óvissu, skömm, einmanaleika og einangrun.

Friður í stað sársauka

Frelsarinn upplifði „alls kyns sársauka, þrengingar og freistingar.“ Það gerði hann svo að hann „[mætti] vita í holdinu, hvernig fólki hans [yrði] best liðsinnt í vanmætti þess“ (Alma 7:11–12). Hann þjáðist ekki einungis fyrir syndir okkar, heldur líka okkur til lækningar, þegar syndir einhvers annars veldur okkur þjáningum.

Ef frelsarinn væri hér í dag, gæti ég séð hann fyrir mér tárfaða af samúð og blessa þá sem hafa upplifað kynferðislegt ofbeldi, líkt og hann tárfaðdi með Nefitunum og blessaði þá (sjá 3 Ne 17). Þótt hann sé ekki hér í eigin persónu, þá getur andi hans verið með okkur og hann hefur séð okkur fyrir leið til lækningar, til að finna frið og fyrirgefningu.



Mörgum sem skaðast hafa á þennan hátt finnst hugmyndin fjarstæðukennd, að mögulegt sé að sigrast á sársaukanum og finna frið. Oft er sársauki þeirra sem verða fyrir slíku ofbeldi hulin öðrum svo árum skiptir. Sársaukinn er falinn að baki brosi, óaðfinnanlegu lífi og fúsleika til að hjálpa öðrum, en hann er þó stöðugur og raunverulegur.

Við skulum gera samanburð á lækningu sem er tilfinningalegs eðlis og líkamlegs eðlis. Gerum ráð fyrir að þið hefðuð fótbrotnað á yngri árum. Frekar en að fara til lækni og láta setja brotið, þá staulist þið áfram og látið ykkur hafa það, uns mesti sársaukinn er horfinn, en finnið samt alltaf einhvern sársauka í hverju skrefi sem þið takið. Árum síðar viljið þið losna algjörlega við sársaukann og farið því til lækni. Læknirinn verður að setja beinið í réttar skorður, hreinsa burtu allan örvef, setja fótinn í gífsi og senda ykkur í endurhæfingu til að styrkja fótinn.

Lækningarferli ofbeldis er af líkum toga, þar sem fórnarlambið verður

ALMENNT HEGÐUNARMYNSTUR FÓRNARLAMBA

Fórnarlömbin eiga oft í erfiðleikum með sambönd og sækjast stöðugt eftir viðurkenningu annarra, verða óvirk, setja upp mörk til að halda fólki í fjarlægð, til að koma sér hjá særindum, verða lauslát og leita lífsfyllingar í kynferðislegum athæfum (svo sem klámi og sjálfsvörðun) eða breyta þveröfugt og halda sér algjörlega frá öllu kynferðislegu. Skömmin sem fylgir slíkri hegðun kemur oft í veg fyrir að einstaklingar leiti hjálpar foreldra, prestdæmisleiðtoga eða fagfólks, því þeir skilja ekki samhengi athæfisins sem þeir urðu fyrir og eigin hegðunar.

Fórnarlömb kynferðisofbeldis fara úr einum öfgum í aðrar í trúarlífi sínu og sumir verða yfiringilega trúaðir. Þeir reyna að gera allt rétt, í tilraunum sínum til að dylja það sem þeir telja vera eigin óverðugleika. Öðrum finnst þeir aldrei verða verðugir eilífs lífs og gefast upp í þeirri viðleitni.

LEXÍUR Í KENNINGU OG SÁTTMÁLUM 123

Pegar spámaðurinn Joseph Smith var í varðhaldi í Liberty fangelsinu í Missouri, skrifaði hann pistil til hinna heilögu, sem birtur er sem kaflar 121–124 í Kenningu og sáttmálum og er um „[skyldur] hinna heilögu varðandi ofsóknara sína“ (K&S 123, fyrir-sögn kafla). Hann sagði ekki hinum heilögu, sem höfðu sætt ofsóknum og líkamsmeiðingum, að byrgja sársaukann inni og láta sem ekkert hefði gerst. Hugleiðið hvernig leiðsögnin í kafla 123 getur átt við um erfiðleika kynferðisofbeldis.



fyrst að gera sér ljóst að sársaukinn er raunverulegur og að til séu úrræði til hjálpar. Ferlið felst í því að viðurkenna athæfið og horfast réttilega í augu við sársaukann, óttann og vonbrigðin, viðukenna tilvist þessara tilfinninga og staðfesta þær. Oft er gagnlegt að vinna með fagfólki í þessu lækningarferli. (Spyrjið prestdæmisleiðtoga ykkar að því hvort Fjölskylduþjónusta SDH sé fyrir hendi á ykkar svæði.)

Hvort sem fórnarlamb kynferðisofbeldis hefur aðgang að fagfólki eður ei, þá er best að biðjast fyrir, læra um líf og friðþægingu frelsarans og eiga reglubundin viðtöl við prestdæmisleiðtoga. Þeir geta létt byrðarnar og hlotið innblástur til að hjálpa fórnarlambi kynferðisofbeldis að skilja guðlegt gildi sitt og samband sitt við himneskan föður og frelsarann. Líkt og systir Carole M. Stephens, fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagsins, kenndi: „Lækningarferlið kann að vera tímafrekt. Það krefst þess að þið leitið handleiðslu með bæn og viðeigandi hjálpar, þar með talið leiðsagnar réttilega vígðra prest-dæmishafa. Þegar ykkur lærist að eiga

hreinskilin samskipti, setjið þá viðeigandi mörk og hugsanlega leitið ykkur faglegrar ráðgjafar. Mikilvægt er að viðhalda andlegu heilbrigði í gegnum allt ferlið.“³

Líf Hönnu var orðið svo óbærilegt að hún var knúin til að leita sér hjálpar. Hún vissi, sökum vitnisburðar síns, að hún gæti fundið frið og sátt í lífi sínu, en upplifði það stöðugt og ekki reglubundið. Hún baðst fyrir og ræddi við biskup sinn og hlaut handleiðslu um ráðgjöf, þar sem hún fékk þau úrræði sem þurfti til að leiða sannleikann út úr myrkrinu og miðla þeirri ómurlegu byrði sem hún hafði rogað ein með. Með því að gera þetta, tókst henni að sigrast á sársaukanum og finna þann frið sem frelsarinn lofaði (sjá Jóh 14:27). Friðinum og sáttinni fylgdi síðan þrá og geta til að fyrirgefa.

Þörfin á að fyrirgefa

Oft reynist fórnarlambi kynferðisofbeldis erfitt að hlusta á þá hugmynd að fyrirgefa og misskilur hana. Fórnarlambinu finnst það ekki metið að réttu, ef það telur fyrirgefningu felast í því að ofbelsismaðurinn sé laus allra mála og athæfi hans sé úr sögunni.

Þótt okkur sé boðið að fyrirgefa (sjá K&S 64:10), þá verður lækningin, í þeim tilvikum þar sem skaðinn er mikill, að öllu jöfnu að hefjast áður en fórnarlambið getur fyllilega fyrirgefið ofbeldismanninum.

Þeir sem þjást af sársauka kynferðisofbeldis, gætu fundið huggun í þessari leiðsögn í Mormónsbók: „Ég, Jakob, vil ávarpa yður, hina hjarta-hreinu. Lítið til Guðs með staðföstum huga, biðjið til hans í sterkri trú og hann mun ljá yður huggun í þrengingum yðar, tala máli yðar og láta réttvísina koma yfir þá, sem leitast við að tortíma yður“ (Jakob 3:1). Fela má Drottni þörfina fyrir réttlæti og skaðabætur, svo hann geti létt af okkur sársaukanum og veitt okkur frið.

Að því kom að Hanna komst að því að hún gat létt af sér réttlætisþörfinni og falið hana frelsaranum og í staðin fundið þann frið sem hún hafði ekki áður upplifað. Áður hafði henni kviðið að fara á fjölskyldusamkomur sem ofbeldismaðurinn yrði viðstaddur á. Sökum fúsleika hennar nú til að takast á við tilfinningalegan sársauka á leið hennar til lækningar, þá kvíðir henni ekki lengur að vera í návist hans og hefur jafnvel samúð með honum á hans efstu árum.

Létta af sér óþarfa byrðum

Öldungur Richard G. Scott (1928–2015), í Tólfpostulasveitinni, sagði: „Fullnaðarlækning mun hljóta fyrir trú ykkar á Jesú Krist og mátt hans og

getu, fyrir tilverknað friðþægingarinnar, til að lækna ósanngjörn og óverðskulduð sár. . . .

Hann elskar ykkur. Hann gaf líf sitt, svo þið gætuð létt af ykkur óþarfa byrðum. Hann mun hjálpa ykkur að gera það. Ég veit að hann hefur máttinn til að lækna ykkur.“⁴

Óvinurinn vill reyra fólk fast í þrautir og þjáningar, því hann er vansæll (sjá 2 Ne 2:27). Vel er mögulegt að létta af sér sársauka og finna frið með hjálp frelsara okkar, Jesú Krists, á þann eina hátt sem honum er mögulegt að gera, og við getum notið gleði. „Adam féll svo að menn mættu lifa. Og menn lifa, svo að þeir megi gleði njóta“ (2 Ne 2:25). Erfiðleikar verða bærilegri ef við lifum í gleði, sem gerir okkur kleift að læra og vaxa og verða líkari föður okkar á himnum.

Ég finn til auðmýktar og blessunar í lífi mínu, fyrir að hafa unnið með þeim sem hafa skaðast af kynferðisofbeldi og séð kraftaverk lækningar, sem sannlega hlýst aðeins með frelsaranum. Ef þið upplifið slíkan sársauka, leitið ykkur þá hjálpar fyrir tilstilli bænar. Þið þurfið ekki að bera þessa þungu byrði einsömul. Ég veit að hann lækna, því ég hef ótal sinnum orðið vitni að því. ■

HEIMILDIR

1. Gordon B. Hinckley, „Save the Children,” *Ensign*, nóv. 1994, 54; skáletrað hér.
2. David A. Bednar, „We Believe in Being Chaste,” *Liahona*, maí 2013, 42.
3. Carole M. Stephens, „The Master Healer,” *Liahona*, nóv. 2016, 11.
4. Richard G. Scott, „To Be Free of Heavy Burdens,” *Liahona*, nóv. 2002, 88.

LEIÐSÖGN FYRIR KIRKJULEIÐTOGA, FJÖLSKYLDU OG VINI

Þegar fórnarlamb kynferðisofbeldis treystir ykkur fyrir þjáningum sínum, ætti samtalið við það að hefjast á auðsýndri ástúð og samúð. Allt of oft hafa slík fórnarlömb sagt mér frá því, þegar hjálpar er leitað hjá biskupi, að fyrstu viðbrögð hans séu að fórnarlambið fyrirgefi ofbeldismanni sínum. Það getur vakið tilfinningu hjá fórnarlambinu um að ofbeldismaðurinn sé mikilvægari. Ef það gerist, leitar fólk sjaldnast hjálpar hjá biskupi sínum aftur og verður því af þeirri andlegu lækningu sem möguleg er með guðlegri leiðsögn og handleiðslu.

Fyrirgefning er nauðsynlegur þáttur í lækningarferlinu og er boðorð – en þið getið treyst því að sé einstaklingum fyrst gefinn kostur á að horfast í augu við eigin sársauka og tilfinningar, og ræða um þær við áreiðanlegan einstakling, þá mun það með tímanum leiða til þeirrar lækningar sem gerir fórnarlambinu kleift að fyrirgefa ofbeldismanni sínum.

Kirkjuleiðtogar geta farið á **ministering.lds.org** og smellt á „Abuse: Help for the Victim“ til frekari upplýsinga.

Gamla fjölskyldualbúmið:

Áhrifamáttur ættarfrásagna

Arfleifð áa minna lifir áfram í gegnum mig og hefur stöðug áhrif á líf mitt til hins betra.

Amneris Puscasu

Á sumarmorgni einum, fyrir Síðari heimstyrjöldina, reis langafi minn úr rekkju – fyrir sólarupprás, eins og hann ætíð gerði. Hann fór út fyrir húsið, horfði yfir grænan dalinn og þorpið sitt í Rúmeníu, settist niður í blauta grasdöggina og varð djúpt hugsí – um það sem hvílt hafði á honum þá um hríð. Hann var lærður, góðhjartaður og skarpskyggn maður, sem var virtur og elskaður af öllum í þorpinu.

Eftir að sólin hafði risið, fór hann inn fyrir og játaði fyrir eiginkonu sinni að honum hefði leikið forvitni á því að vita hvernig jarðarför hans yrði háttað og lét þá ósk í ljós að hafa alvöru jarðarfararæfingu. Hann ákvað dagsetningu, keypti kistu, réð prest og sálusorgara og varð sér úti um allt annað sem hefðbundið var fyrir slíka athöfn í Rétttrúnaðarkirkjunni. Svo kom að því að æfingadagur

jarðarfararinnar rann upp. Borð voru sett upp í miðju þorpsins fyrir erfidrykkjuna, fjölskyldan var öll íklædd svörtu, presturinn kom, langafi minn lagðist í kistuna og hagræddi púðanum, til að hafa góða yfirsýn, og athöfnin hófst. Þegar útförinni var lokið var öllum í þorpinu boðið að þiggja veitingar og langafi minn fékk uppfyllt þann draum sinn að dansa í eigin jarðarför. Hann lifði 20 árum lengur og mátaði sig oft við kistuna.

Ekki bara nöfn og dagsetningar

Ég kynntist aldrei langafa mínum en þessi frásögn, sem er arfleifð langafa og langömmu til mín, hefur ætíð verið mér afar kær. Afi minn og amma sögðu mér og systkinum mínum dag hvern frá áum okkar – um uppruna þeirra, persónuleika, gildismat, drauma og vonir. Að loknum öllum



sunnudagsmálsverðum, tóku afi og amma fram ættaral-
búmið og á hverri síðu lifnuðu sögurnar við og hjörtu
sex kynslóða tengdust kærleiksböndum. Þarna voru ekki
aðeins gamlar ljósmyndir með nöfnum og dagsetningum á
bakhliðinni. Á bak við hvert andlit var faðir eða móðir, son-
ur eða dóttir, bróðir eða systir og á þennan hátt var arfleifð
þeirra, ásamt öðrum ættarvenjum, yfirfærð til mín.

Styrkur á örðugum tímum

Þegar ég varð 19 ára höfðu foreldrar mínir og flestir
nánir ættingar látist og margar eigur þeirra, sem ég hafði
erft, höfðu glatast eða þeim verið stolið. Það var þó eitt sem
stóðst tímans tönn, náttúruhamfarir eða jafnvel dauða –
brúin sem hvert ættmenni byggði og tengdi fortíð, nútíð og
fram tíð. Sá þráður sem tengir saman hjörtu á minna hefur
veitt mér styrk til að sigrast á erfiðum aðstæðum, og allt
vegna kostgæfni þeirra.

Þegar foreldrar mínir og afi og amma dóu, upplifði ég
svo djúpa sorg að mér fannst ég ekki hafa nægan þrótt
til að halda áfram að takast á við lífið. Ég naut þeirrar
blessunar að upplifa þrótt að handan og það gerði mér
kleift að öðlast sterkan vitnisburð um sáluhjálparáætlun-
ina, um lífið eftir dauðann og svo síðar, um helgiathafnir

musterisins, sem eru svo nauðsynlegar fyrir sáluhjálp
okkar. Ég kynntist aldrei langöfum eða langömmum
mínum eða flestum frændum og frænkum mínum, en ætíð
er ég tek fram fjölskyldualbúmið með ljósmyndunum af
þeim, þá sé ég mig sjálfan í augum þeirra. Ég er sá sem ég
er vegna allra þeirra sem á undan mér komu. Lífsreynsla
þeirra og viska hefur mótað persónuleika minn og séð
mér fyrir lífsins leiðsögn.

Ein dýrmætasta gjöf fjölskyldu minnar til mín, allt frá
bernskuárum, er þekking mín á ættarsögu minni og sann-
færingin um að með mér tengjast fortíð og framtíð. Ég veit
líka að ég kom til jarðar til að búa til mína eigin sögu – til
að upplifa og kanna lífið og varðveita eigin sögu. Það er
þessi þekking á ættarsögu minni sem eflir mig í öllum
lífsins þrautum.

Ég hugsa oft um ættingja mína hinu megin hulunnar og
fórnir þeirra til að ég gæti átt betra líf. Ég hugsa um helgiat-
hafnir musterisins, sem gera okkur kleift að vera einhvern
daginn saman sem fjölskylda. Ég hugsa líka um friðþæg-
ingu frelsarans, sem gerði allt þetta mögulegt. Hann reiddi
fram gjaldið, svo við mættum lifa. Við elskum og tilbiðjum
hann af þakklæti í dag og alla daga. ■

Höfundurinn býr í New York, Bandaríkjunum.





Öldungur
Larry R. Lawrence
af hinum Sjöttíu



Stríðið er í algleymingi

Stríðið, sem hófst á himnum, hefur viðhaldist allt fram á okkar tíma. Í raun þá verður baráttan stöðugt ofsafengnari eftir því sem hinir heilögu undirbúa komu frelsarans.

Sérhverjum þeim sem fylgist með heimsfréttum er ljóst að við lifum á tíma er menn „spyrja hernað og ófriðartíðindi“ (K&S 45:26). Til allrar hamingju, þá er sérhver hér á jörðu uppgjafarhermaður. Við höfum átt í baráttu við herskara illskunnar allt frá því að stríð braust út í fortílverunni, fyrir fæðingu okkar hér.

Við höfðum enn ekki hlotið efnislíkama og því var stríðið á himnum ekki háð með sverðum, byssum eða sprengjum. Rimmurnar voru þó alveg jafn ofsafengnar eins og þær geta verið í hverju öðru nútíma stríði og milljarðar féllu í valinn.

Stríðið í fortílverunni var háð með orðum, hugmyndum, kappræðum og fortölum (sjá Op 12:7–9, 11). Herbragð Satans var að vekja ótta. Honum var ljóst að skilvirkasta leiðin til að eyðileggja trú væri að vekja ótta. Hann gæti hafa borið fyrir sig álíka rökum og þessum: „Þetta er of erfitt.“ „Það er ómögulegt að komast hreinn til baka.“ „Áhættan er allt of mikil.“ „Hvernig er hægt að vera viss um að Jesú Kristi sé treystandi?“ Hann var afar afbrýðissamur út í frelsarann.

Til allrar hamingju, þá fékk áætlun Guðs sigrað lygar Satans. Áætlun Guðs fól í sér siðferðislegt sjálfræði og mikla fórn. Jehóva, sem við þekkjum sem Jesú Krist, bauð sig fram sem þá fórn – að þjást fyrir allar

Í stríðinu á himnum, þá elskuðum við og studdum föður okkar á himnum. Við vildum verða eins og hann.

okkar syndir. Hann var fús til að gefa líf sitt í þágu bræðra sinna og systra, svo að þeir sem iðruðust gætu snúið aftur hreinir og orðið að lokum eins og himneskur faðir þeirra. (Sjá HDP Móse 4:1–4; Abraham 3:27.)

Jehóva hafði líka þá yfirburði að ávinna sér hjörtu barna Guðs með áhrifaríkum vitnisburðum fylgjenda sinna, sem Míkael erkiengill fór fyrir (sjá Op 12:7, 11; K&S 107:54). Í fortílverunni var Adam þekktur sem Míkael og Satan sem Lúsífer, sem hefur merkinguna „ljósberi.“¹ Það kann að hljóma undarlega að myrkrarprinsinn hafi borið slíkt nafn (sjá HDP Móse 7:26), en ritningarnar kenna að áður en Satan féll hafi hann verið „[engill] Guðs, sem vald hafði í návist Guðs“ (sjá K&S 76:25–28).

Hvernig var það mögulegt að andi með slíka þekkingu og reynslu félli svo djúpt? Það var sökum drambsemi hans. Lúsífer gerði uppreisn gegn föður okkar á himni, því hann óskaði sjálfum sér ríki Guðs.

Í hinni sígildu ræðu sinni „Varist dramb,“ kennir Ezra Taft Benson forseti (1899–1994) að Lúsífer hafi „óskað sjálfum sér meiri heiðurs öllum öðrum“ og að „hann hafði í eigin drambi þráð að steypa Guði af stóli.“² Þið hafið líka heyrt á það minnst að Satan hafi viljað að engu gjöra sjálfræði mannsins, en það var þó ekki eina ástæða þess að hann fyrirbauð sér eigin hylli. Honum var varpað af himni fyrir uppreisn gegn föðurnum og syninum (sjá K&S 76:25; HDP Móse 4:3).

Af hverju börðumst við gegn djöflinum? Við börðumst sökum hollustu. Við elskuðum og studdum föður okkar á himnum. Við vildum verða eins og hann. Lúsífer hafði annað í huga. Hann vildi setja sig sjálfan í stöðu föðursins (sjá Jes 14:12–14; 2 Ne 24:12–14). Hugsíð ykkur hve miklum



sáringdum sviksemi Satans olli okkar himnesku foreldrum. Í ritningunum má lesa að „himnarnir [hafi grátið] yfir honum“ (K&S 76:26).

Eftir hatramma baráttu, voru það Míkael og herskarar hans sem höfðu sigur. Tveir þriðji herskara himna kusu að fylgja föðurnum (sjá K&S 29:36). Satan og fylgjendum hans var varpað af himni, en þó ekki strax í ysta myrkur. Þeir voru fyrst sendir til þessarar jarðar (sjá Op 12:7–9), þar sem Jesús Kristur skildi fæðast og framkvæma friðþægingu sína.

Af hverju var fylgjendum Satans leyft að koma til jarðar? Þeir komu til að skerpa á andstæðum fyrir þá sem gangast

undir prófraunir (sjá 2 Ne 2:11). Mun þeim að lokum varpaði í ysta myrkur? Já. Eftir þúsund ára ríkið, mun Satan og fylgjendum hans varpað eilíflega burtu.

Satan veit að dagar hans eru senn taldir. Við síðari komu Jesú Krists verða Satan og englar hans bundnir í þúsund ár (sjá Op 20:1–3; 1 Ne 22:26; K&S 101:28). Því nær dregur þeim tíma, því ógnvænlegri verður barátta hina illu afla við að fanga eins margar sálir og mögulegt er.

Jóhannes opinberara var sýnt stríðið á himni, sem var hluti af mikilli sýn sem hann hlaut. Honum var sýnt hvernig Satan var varpað niður á jörðu, til að freista mannkyns. Hann brást þannig við í orði: „Vei sé jörðunni og hafinu, því að djöfullinn er stiginn niður til yðar í miklum móð, því að hann veit, að hann hefur nauman tíma“ (Op 12:12).

Hvernig ver þá Satan tíma sínum, meðvitaður um að tími hans er naumur? Páll postuli ritaði: „Djöfullinn, gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleyp“ (1 Pét 5:8).

Hvað knýr Satan áfram? Hann mun aldrei hljóta líkama, eignast eiginkonu eða börn og aldrei njóta fyllingu gleðinnar og því reynir hann að gera alla karla og konur „jafn [vansæl] og hann er sjálfur“ (2 Ne 2:27).

Djöfullinn leggur til atlögu við alla menn, en einkum þá sem mesta möguleika hafa á eilífri hamingju. Hann er augljóslega afbrýðissamur út í alla sem eru á vegi upphafningar. Ritningarnar kenna að Satan „[eigi] í stríði við Guðs heilögu og [umlyki] þá á alla vegu“ (K&S 76:29).

Stríðið, sem hófst á himnum, hefur viðhaldist allt fram á okkar tíma. Í raun þá verður baráttan stöðugt ofsafengnari eftir því sem hinir heilögu undirbúa komu frelsarans.

Brigham Young (1801–77) spáði: „Að kirkjan mundi breiðast út, dafna, vaxa og stækka og að máttur Satans mundi vaxa að sama skapi og fagnaðarerindinu yxi ásmegin meðal þjóða heimsins.“³

Ég tel að við myndum öll samþykkja að þessi spádómur væri að uppfyllast, er við sjáum hið illa hafa áhrif á samfélög heimsins. Young forseti kenndi að við þyrftum að ígrunda brögð óvinarins til að fá sigrað hann. Ég segi hér frá fjórum þrautreyndum herbrögðum Satans og hvernig sjá má í gegnum þau.

Herbrögð Satans

1. Freisting. Djöfullinn er óskammfeilinn við að læða ranglátum hugmyndum í huga okkar. Mormónsbók kennir að Satan hvísli að okkur óhreinum og óvinsamlegum hugsunum og sái efasemdum í huga okkar. Hann ýtir stöðugt undir ánetjandi hvatir og eigingirni og ágirnd. Hann vill þó ekki að við vitum hvaðan þessar hugmyndir koma, svo hann hvíslar: „Ég er ekki djöfullinn, því að enginn djöfull er til“ (2 Ne 28:22).

Hvernig getum við staðið gegn slíkri afdráttarlausri freistingu? Eitt af því sem best dugar, er einfaldlega að senda Satan í burtu. Það myndi Jesús gera.

Frásögn Nýja testamentisins um frelsarann á fjalli freistingar er afar upplýsandi. Eftir hverja freistingu, sem djöfullinn lagði fyrir hann, þá notaði Jesú tvennskona varnartækni: Í fyrsta lagi, þá bauð hann Satan að fara í burtu; síðan vitnaði hann í ritningarnar.

Svo dæmi sé tekið, þá bauð Jesús: „Vík brott, Satan! Ritað er: Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum“ (Matt 4:10). Í næsta versí segir: „Þá fór djöfullinn frá Jesú. Og englar komu og þjónuðu honum“ (Matt 4:11). Viðsýrna frelsarans var afar árangursrík?

Í ævisögu Hebers J. Grant forseta (1856–1945) er að finna frásögn um það hvernig Grant forseti spornaði gegn djöflinum. Þegar Grant forseta varð ljóst að Satan væri að hvísla að honum, í þeirri tilraun að sá efasendum í hjarta hans, sagði hann einfaldlega upphátt: „Djöfull, þegi þú.“⁴

Þið eigið rétt á að segja Satan að fara burtu þegar freistingin kemur yfir ykkur. Ritningarnar kenna: „Standið gegn djöflinum, og þá mun hann flýja yður“ (Jakbr 4:7).

Annað það sem frelsarinn gerði sér til varnar, var að vitna í ritningarnar. Það er afar máttugt að læra ritningarvers utanbókar, líkt og Jesús gerði. Ritningavers geta verið okkar andlega vopnabúr.

Þegar ykkar er freistað, getið þið hugsað um boðorð eins og: „Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan,“ „elskið óvini yðar,“ eða „lát dyggðir þrýða hugsanir þínar linnulaust“ (2 Mós 20:8; Lúk 6:27; K&S 121:45). Máttur ritninganna skelfir ekki aðeins Satan, heldur eru þær sem dyr fyrir anda Drottins að hjarta ykkar og varnarhjúpur gegn freistingum.



2. Lygar og blekkingar. Ritningarnar opinbera að Satan sé „faðir] lyginna“ (2 Ne 9:9). Trúið ekki orðum hans, er hann hvíslar eitthvað álíka þessu: „Þú gerir aldrei neitt rétt, þér verður ekki fyrirgefið, þú breytist aldrei, öllum er sama um þig, þú hefur enga hæfileika.“

Önnur lygi sem hann notar oft, er þessi: „Þú þarft að prófa allt hið minnsta einu sinni – bara til að upplifa það. Eitt skipti skaðar ekki.“ Litla ljóta leyndarmálið er þó það að hann vill ekki að þið vitið að syndin er ánetjandi.

Enn önnur áhrifarík lygi sem Satan mun reyna að beita á ykkur, er þessi: „Allir aðrir gera þetta. Það er þá í lagi.“ Það er alls ekki í lagi! Segið því djöflinum að þið viljið ekki enda uppi í jarðneska ríkinu – jafnvel þótt allir aðrir séu á leið þangað.

Þótt Satan muni ljúga að ykkur, þá getið þið reitt ykkur á að andinn segi ykkur sannleikann. Þess vegna er gjöf heilags anda svo mikilvæg.

Djöfullinn hefur fengið viðurnefnið „hinn mikli blekk-ingarmeistari.“⁵ Hann reynir að líkja eftir hverri sannri reglu sem Drottinn setur fram.

Hafið í huga að falsanir eru ekki sama og andstæður. Andstæðan við hvítt er svart, en sé hvítt falsað, gæti það verið bein hvítt eða grátt. Falsanir eru eftirlíkingar hins ósvikna og eru gerðar til að blekkja hina grandvaralaus. Þær eru brenglaðar útgáfur af því sem gott er, og eru einskis virði, á sama hátt og falsaðir peningaseðlar. Ég skal útskýra þetta betur.

Ein falsímynd Satans af trú er hjátrú. Falsímynd hans af

*Þið getið reitt ykkur á að andinn
segi ykkur sannleikann. Þess vegna
er gjöf heilags anda svo mikilvæg.*



ást er losti eða girnd. Hann falsar prestdæmið með því að kynna prestaslægð og líkir eftir kraftaverkum Guðs með seiði og göldrum.

Hjónaband karls og konu er vígt af Guði, en hjónaband samkynhneigðra er einungis fölsun. Ávextir þess eru hvorki börn, né upphafning. Þótt falsanir hans blekki marga, þá verða þær aldrei að einhverju ósviknu. Þær geta aldrei fært varanlega hamingju.

Guð varaði okkur við fölsunum í Kenningu og sáttmálum: Hann sagði: „Það, sem ekki byggir upp, er ekki frá Guði, og er myrkur“ (K&S 50:23).

3. Illdeilur. Satan er faðir illdeilna. Frelsarinn kennir: „[Hann] eignir menn til deilna og reiði hvern gegn öðrum“ (3 Ne 11:29).

Djöflinum hefur í gegnum aldir lærst af eigin reynslu að andi Drottins hörfar þar sem sundrung og illdeilur ríkja. Satan hefur stuðlað að illdeilum systkina, allt frá því að hann lokkaði Kain til að drepa Abel. Hann magnar upp hverskyns vanda milli hjóna, deildarmeðlima og trúboðsfélaga. Hann hefur unun af því að sjá gott fólk þrefa og þræta. Hann reynir að vekja upp fjölskylduþrætur áður en farið er í kirkju á sunnudögum, áður en fjölskyldukvöld hefjast á mánu-dagskvöldum og hvenær sem hjón hyggjast fara saman í musterið. Tímasetningar hans eru fyrirsjáanlegar.

Pegar upp koma illdeilur á heimili ykkar eða vinnustað, hættið þá strax því sem þið eruð að gera og reynið að stilla til friðar. Engu skiptir hver forsprakkinn er.

Aðfinnslusemi er oft ástæða illdeilna. Joseph Smith kenndi: „Djöfullinn skjallar okkur oft með sjálfsréttlæti, er við nærumst á brestum annarra.“⁶ Ef þið hugsíð málið, þá ætti ykkur að verða ljóst að sjálfsréttlæti er aðeins falsímynd hins sanna réttlætis.

Satan hefur unun af því að útbreiða sundrunu í kirkjunni. Hann er sérfræðingur í því að benda á bresti kirkjuleiðtoga. Joseph Smith varaði við því að fyrsta skrefið til fráhvarfs væri að missa trú á leiðtoga kirkjunnar.⁷

Nær allt ritað efni sem andstætt er kirkjunni er byggt á lygi um manngerð Josephs Smith. Óvinurinn leggur hart að sér að ófrægja Joseph, því boðskapur endurreisnarinnar er grundvallaður á frásögn spámannsins um það sem átti sér stað í Lundinum helga. Djöfullinn leggur meira á sig nú en áður við að fá meðlimi til þess að efast um vitnisburði sína um endurreisnina.

Á fyrri hluta okkar ráðstöfunar, þá urðu margir prest-dæmisbræður ótrúir spámanninum, en iðruðust þess síðar. Einn þeirra var Lyman E. Johnson, sem var vikið úr kirkjunni fyrir rangláta breytni. Hann harmaði það síðar að hafa yfirgefið kirkjuna og sagði: „Ég gæfi hægri hönd mína, ef ég fengi trúað að nýju. Áður var ég fullur gleði og hamingju. Draumar mínir voru dásamlegir. Ég var glaðvær í anda, er ég vaknaði að morgni. Ég var hamingjusamur daga og nætur og naut friðar, gleði og þakkargjörðar. Nú er ekkert nema myrkur, sársauki, sorg og mikil vansæld. Allt frá þeim tíma, hef ég ekki notið hamingjustundar.“⁸

Íhugið þessi orð. Þau eru öllum meðlimum kirkjunnar til aðvörunar.

Ég snérist til trúar á kirkjuna. Ég lét skírast þegar ég var 23 ára, einhleypur ungur maður, og sótti læknaskóla í Arisóna í Bandaríkjunum. Ég veit af eigin raun hvernig Satan bregður fæti fyrir trúarnema, dregur úr þeim kjark og letur þá frá því að leita sannleikans.

Öll unglingsár mín fylgdist ég með fordæmi vina minna sem voru Síðari daga heilagir. Ég hreifst af því hvernig þeir höguðu lífi sínu. Ég einsetti mér að kynna mér betur kirkjuna, en hélt því leyndu að ég væri að læra um mormóna. Ég ákvað að kynna mér sjálfur efnið, til að forðast þrýsting vina minna.

Þetta var mörgum árum fyrir Alnetið, svo ég fór á bókasafnið. Ég fann þar Mormónsbók og rit sem nefndist *Dásemdarverk og undur*, eftir öldung LeGrand Richards (1886–1983), í Tölpóstulasveitinni. Ég tók að lesa þessar bækur af mikilli áfergju og fannst þær áhugavekjandi.

Þegar andi minn þráði að læra meira, tók Satan að hvísla að mér. Hann sagði að ég yrði líka að lesa það sem gagnrýnendur kirkjunnar rituðu, til þess að gæta alls hlutleysis. Ég fór aftur í bókasafnið og tók að skoða hvað í boði væri. Auðvitað fann ég bók sem ófrægði spámanninn Joseph.

Við lestur þessa ófræingarefnis um mormóna varð ég ráðvilltur. Ég glataði þeim anda og ljúfu áhrifum sem höfðu verið með mér við könnunina. Ég varð vonsvikinn og hugðist hætta leit minni að sannleikanum. Ég var að biðja um bænheyrslu meðan ég var að lesa þetta ófræingarefni!

Mér til undrunar þá hringdi í mig gömul skólavinkona, sem þá var í Brigham Young háskólanum. Hún bauð mér að heimsækja sig í Utah og lofaði að ég myndi njóta



útsýnisins á leiðinni. Hún hafði ekki hugmynd um að ég hefði verið að læra um kirkjuna í einrómi.

Ég samþykkti boð hennar. Vinkona mín lagði til að við færum til Salt Lake City til að skoða Musteristorgið. Hún varð hissa á áhuganum sem ég lét í ljós. Hún hafði ekki hugmynd um hvað ég hafði mikinn áhuga á að læra sannleikann um Joseph Smith og endurreisnina.

Systurtrúboðarnir á Musteristorginu voru afar hjálpsamar. Án þess að gera sér grein fyrir því, svöruðu þær mörgum spurningum mínum. Vitnisburður þeirra hafði þau áhrif að ég tók að „efast um efasemdir mínar,“⁹ og trú mín styrktist. Áhrif einlægs vitnisburðar verða ekki ofmetin.

Djöfullinn leggur til atlögu við alla menn, en einkum þá sem mesta möguleika hafa á eilífri hamingju.

Vinkona mín gaf mér vitnisburð sinn og hvatti mig til að biðjast fyrir og spyrja Guð hvort kirkjan væri sönn. Í hinni löngu ökuferð aftur til Arisóna, tók ég að biðja í trú – í fyrsta sinn „í hjartans einlægni, með einbeittum huga“ (Moró 10:4). Á ákveðnum tímapunkti þeirrar ferðar, virtist sem allur bíllinn fylltist ljósi. Mér lærðist þarna að myrkur hopar fyrir ljósi.

Eftir að ég hafði einsett mér að skírast, lagði djöfullinn upp sína síðustu ráðagerð. Hann hafði áhrif á fjölskyldu mína, sem gerði allt hvað hún gat til að letja mig frá þessari ákvörðun og neitaði að vera við skírnina.

Ég lét engu að síður skírast og hjörtu þeirra milduðust smám saman. Þau hófu að hjálpa mér við ættarsögu mína. Fáeinum árum síðar, skírði ég yngri bróður minn. Vinkonan, sem bauð mér að heimsækja sig í Utah, er nú eiginkona mín.

4. Uppgjöf og úrtölur. Satan notar þessa aðferð með góðum árangri á hina trúföstu meðal hinna heilögu, ef allt annað bregst. Þegar ég finn fyrir uppgjafaanda, þá hjálpar það mér að vita hver það er sem reynir að draga úr mér mátt. Það verður mér nægur hvati til að kætast að nýju – bara til að skaprauna djöflinum.

Fyrir nokkrum árum flutti Benson forseti ræðu sem hét „Lát ei hugfallast.“ Í þeirri hnitmiðuðu ræðu aðvaraði hann: „Satan reynir af auknum mætti að sigra hina heilögu með hugarvél, uppgjöf, úrtölum, örvinun og dapurleika.“¹⁰ Benson forseti brýndi fyrir meðlimum kirkjunnar að vera á verði og setti fram tólf raunhæfar ábendingar um hvað við gætum gert til að láta ekki bugast.

Hann lagði til að við þjónuðum öðrum; værum vinnusöm og forðuðumst iðjuleysi; tileinkuðum okkur góðar heilsufarsvenjur, svo sem líkamsæfingar og neyslu náttúrulegra matvæla; bæðum um prestdæmisblessun; hlustuðum á upphefjandi tónlist; teldum blessanir okkar; og settum okkur markmið. Við ættum þó fram- ar öllu að biðja ávallt, svo við fáum sigrað Satan (sjá K&S 10:5).¹¹

Satan skelfur þegar hann sér hinn veikasta meðal heilagra á hnjúnum.¹²

Mikilvægt er að vita að hin illu öfl eru takmörkunum háð. Guðdómurinn setur þau mörk og Satan er ekki heimilt að fara þar yfir. Ritningarnar staðhæfa til að mynda að „Satan er ekki gefið vald til að freista lítilla barna“ (K&S 29:47).

Annað sem er af mikilvægum toga, er að Satan þekkir ekki hugsanir okkar, nema við gerum honum þær ljósar. Drottinn útskýrði: „Enginn nema Guð þekkir hugsanir þínar og áform hjarta þíns“ (K&S 6:16).

Ef til vill er það ástæða þess að Drottinn hefur gefið okkur boðorð líkt og þessi: „Kvarta ekki“ (K&S 9:6) og „þú skalt ekki tala illa um náunga þinn“ (K&S 42:27). Ef ykkur tekst að hemja tungu ykkar (sjá Jakbr 1:26), þá munuð þið ekki gefa djöflinum of miklar upplýsingar. Þegar hann heyrir möglað og kvartað og gagnrýnt, þá skráir hann það vandlega hjá sér. Ykkar neikvæðu orð afhjúpa óvininum veikleika ykkar.

Ég hef þó góðar fréttir fyrir ykkur. Herskarar Guðs eru fjölmennari en herskarar Lúsífers. Þið gætuð litið umhverfis ykkur og dregið þessa ályktun: „Heimurinn er að verða stöðugt ranglátari. Satan hlýtur að standa uppi sem sigurvegari.“ Látið ekki blekkjast af þessu. Sannleikurinn er sá að við erum fjölmennari en óvinurinn. Hafið í huga að tveir þriðju hlutar barna Guðs völdu að fylgja áætlan föðursins.

Bræður og systur, verið viss um að þið heyið baráttu ykkar Drottins megin. Verið viss um að þið hafið í hendi ykkar sverð andans.

Ég bið þess að þið getið við ævilok tekið undir þessi orð Páls postula: „Ég hef barist góðu baráttunni, hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna.“ (2 Tím 4:7). ■

HEIMILDIR

1. Leiðarvísir að ritningunum, „Lúsífer,” scriptures.lds.org.
2. Ezra Taft Benson, „Beware of Pride,” *Ensign*, maí 1989, 5.
3. *Discourses of Brigham Young*, valið af John A. Widtsoe (1954), 72.
4. Sjá Francis M. Gibbons, *Heber J. Grant: Man of Steel, Prophet of God* (1979), 35–36.
5. Sjá t.d. Dieter F. Uchtdorf, „Þið skiptið hann máli,” *Aðalráðstefna*, október 2011, 24; Gordon B. Hinckley, „The Times in Which We Live,” *Liahona*, jan. 2002, 86.
6. *Teachings of Presidents of the Church: Joseph Smith* (2007), 454.
7. Sjá *Teachings: Joseph Smith*, 318.
8. Lyman E. Johnson, í Brigham Young, *Deseret News*, 15. ágúst 1877, 484.
9. Dieter F. Uchtdorf, „Komið og gangið til liðs við okkur,” *Aðalráðstefna*, október 2013, 23.
10. Ezra Taft Benson, „Do Not Despair,” *Ensign*, nóv. 1974, 65.
11. Sjá Ezra Taft Benson, „Do Not Despair,” 65–67.
12. William Cowper, í samantekt Roberts Andrews, *The Concise Columbia Dictionary of Quotations* (1987), 78.

Skaidrīte er ein af glöðustu einstaklingum sem ég hef kynnst. Líf hennar virðist fullkomið. Sem barn bjó hún þó með drykkjúsjúkri móður, sem ekki gat annast hana og systur hennar. Skaidrīte hélt í hönd systur sinnar er hún dó úr hungri. Frá átta ára aldri bjó Skaidrīte á fjölda fósturheimila. Hún var lami, í hana sparkað og henni var bannað að biðjast fyrir. Það var komið fram við hana eins og hún væri ambátt. Í gegnum árin hugleiddi hún að taka eigið líf.

Mörgum árum síðar, er Skaidrīte leitaði sér vonar, kom hún í samkomuhús SDH.

LESLIE NILSON LJÓSMYNDADÍ

Skaidrīte Bokuma

Liepāja, Lettlandi

„Systurtrúboði heilsaði mér brosandí. Mér fannst hún engli líkust. Frá þeim degi tók líf mitt breytingum. Sautján ára hafa líðið síðan og allar hugsanir um að taka eigið lífi hafa horfið. Í dag er ég jákvæð. Þegar ég er byrðum hlaðin, þá fel ég þær Guði. Ég hef lært að treysta honum í öllu. Mér finnst lífið fallegt.“

Kynnið ykkur hvernig þekkja má einkennin og hjálpa þeim sem gætu verið að hugleiða sjálfsvíg á lds.org/go/41739.





EKKI SPILA ÞETTA LAG

Fyrir nokkru þjuggu ég og fjölskylda mín í Veracruz, Mexíkó, þar sem börnin mín sóttu grunnskóla. Á hverjum morgni, er ég hjálpaði börnunum mínum þremur að taka sig til fyrir skólann, hlustuðum við á útvarpið – vinsælustu stöðina í borginni – á skemmtilegan dagskrárlið, sem ungur maður var stjórnandi að.

Við fórum að taka eftir mjög grípandi lagi. Þegar ég lagði eyrun betur við texta lagsins, varð mér ljóst að hann var grófur og tvíræður, en þó ekki beinlínis dónalegur.

Ég sagði ákveðin við börnin: „Við getum ekki hlustað á slíkt orðbragð.“ Þau hafa kannski ekki einbeitt sér að texta lagsins, en höfðu þó næga athygli til að raula með.

Þau sáu mig lækka niður í viðtækinu og spurðu hvað ég væri að gera. „Ég ætla að biðja stjórnanda þáttarins að taka lagið af dagskrá.“ Undrun þeirra fékk mig til að ganga skrefið til fulls.

Þau trúðu því ekki og varla ég sjálf, en ég tók upp símann og hringdi í útvarpsstöðina. Ég átti ekki von á því að mér yrði svarað, en mér til undrunar þá var svarað næstum samtímis og heyrði ég sömu röddina og ég hafði heyrt í þættinum.

Ég sagði honum að ég væri ekki sátt við þetta lag, því margar fjölskyldur væru að hlusta á þáttinn á sama


Þegar við hlustuðum á afar grípandi söng í úrvarpi, lagði ég við hlustir til að skilja textann.

tíma. Hann spurði hvaða lag ég leggði til að kæmi í stað hins og hann var svo þrúðmannlegur í framkomu að ég bað þess einungis að laginu yrði ekki útvarpað þegar börnin væru heima.

Ég komst aldrei að því hvort samtalinu hefði verið útvarpað, en var þakklát fyrir að þáttarstjórnandinn hafði hlustað á mig. Næstu daga tók ég eftir því að mér hafði orðið að beiðni minni.

Þetta atvik staðfesti fyrir mér að við þurfum að sýna hugrekki þegar við getum látið að okkur kveða og gert það sem nauðsynlegt er til að vernda börnin okkar frá neikvæðum áhrifum. Ef við gerum það, getur heilagur andi verið okkur stöðugur förunautur. ■

Maria Hernandez, Texas, Bandaríkjunum



TÝNDA VESKIÐ

Nýlega flutti ég í nýtt hús og það þess að meðlimir kirkjunnar aðstoðuðu mig þar við ákveðið verk. Í miðju verki fór ég til að kaupa efni sem þurfti til að ljúka því. Eftir að við lukum verkinu, varð mér ljóst að ég var ekki með veskið mitt. Ég varð felmtri sleginn, því í veskinu voru öll mín skilríki, ásamt peningum sem einn viðskiptavinur minn hafði greitt mér þá um morgunin. Ég fór til baka, þar sem ég hafði gert innkaupin, en heppnin var ekki með mér. Ég fór heim til að ganga úr skugga um hvort ég hefði misst það einhversstaðar, en fann það hvergi. Ég tók að íhuga þann möguleika að þurfa að verða mér úti um öll mín skírteini aftur. Áður en ég fór að heiman, spurði vinur minn: „Hefurðu beðist fyrir?“

Ég hugsaði strax: „Auðvitað hef ég þegar beðist fyrir!“

Ég hafði þó ekki beðist fyrir af einlægum ásetningi. Þess í stað reyndi ég að þvinga vilja mínum upp á himneskan föður og skylda hann til þess að hjálpa mér að finna veskið. Þá kom ritningarversió Jesaja 55:8 upp í hugann: „Já, mínar hugsanir eru ekki yðar hugsanir, og yðar vegir ekki mínir vegir segir Drottinn.“

Á sunnudeginum fór ég í kirkju og meðlimur sem hafði verið með mér deginum áður, sagðist hafa beðist



Ég bað þess að himeskur faðir bænheyrði okkur til að styrka trú eiginkonu minnar og barna.

heitt fyrir til himnesks föður um að ég mætti finna veskið mitt. Hann sagði sig hafa skynjað að ég myndi finna það. Síðar, er ég settist niður við mitt persónulega nám, las ég í bókinni *Receiving Answers to Our Prayers* (bænheyrsla) eftir öldung Gene R. Cook, einn hinna Sjötiú sem látið hefur af störfum. Á fyrstu síðunni var frásögn um álíka vanda og ég hafði lent í. Sonur öldungs Cooks hafði glatað veski sínu, svo fjölskyldan kom saman og bað Drottin þess að þau myndu finna það.

Eftir að hafa lesið frásögnina, fór ég eftir því sem þar kom fram og kallaði til mín eiginkonu mína og börn. Við mynduðum hring og hver og einn

flutti sín bænarorð og bað Drottin um að hjálpa okkur að finna veskið, ef það væri vilji hans.

Ég hafði áður upplifað mátt bænar, en að þessu loknu, er ég baðst fyrir í einrúmi, bað ég himneskan föður um bænheyrslu til að styrkja trú eiginkonu minnar og barna.

Daginn eftir hringdi maður nokkur í mig. Hann sagðist hafa fundið veskið mitt, með peningunum í. Ég grét líkt og barn, því ég hafði verið bænheyrður og fjölskylda mín styrkst í trú.

Ég veit að himneskur faðir svarar hverju okkar, að eigin vilja og tíma, þótt hann þurfi að sinna sínum mörgu börnum. ■

Luiz Marcelino, Goiás, Brasilíu

BJARGAÐ Í ANDDYRINU

Éiginmaður minn vinnur oft á sunnudögum, svo ég þarf að fara með syni okkar fjóra einsömul í kirkju. Einn sunnudaginn, meðan á sakramentinu stóð, fóru tveir yngstu synir mínir í hár saman. Ef ég vakti áhuga annars þeirra á bók, þá vildi hinn líka fá hana. Ég reyndi snarl, leikföng og litabók, án þess að ná nokkrum árangri. Ég var buguð vegna drengjanna, sem virtust engan vegin geta setið rólegir í eina klukkustund.

Ég dró upp úr töskunni minni lítið leikfang og rétti það hinum ársgamla syni mínum. Þegar í stað kvað við öskur frá, Tyson, hinum þriggja ára gamla syni mínu, sem stuggaði við yngri bróður sínum og reyndi að ná í leikfangið. Mér fannst auðmýkjandi að halda á tveimur öskrandi litlum slagsmálagaurum fram í anddyrið.

Heit tár tóku að streyma niður vanga mína. Af hverju þurfti þetta að vera svona erfitt? Ég gerði það sem himneskur faðir vildi að ég gerði, með því að fara með fjölskyldu mína í kirkju, ekki satt? Mér var um megn að halda því áfram. Það var þreytandi og vandræðalegt að takast á við áflog drengjanna minna einsömul á sakramentissamkomum. Ég vildi aldrei aftur fara í kirkju.

Ég velti mér upp úr þessum hugsunum, þar sem ég sat, í um 15 sekúndur og sá þá systur sem ég þekkti lítið sem ekkert, koma fram í anddyrið á

Ég var buguð vegna drengjanna, sem virtust engan vegin geta setið rólegir í eina klukkustund.



TEIKNING EFTIR ALLEN GARVIS

eftir mér. Hún hét systir Beus. Hún sat yfirleitt einsömul, því eiginmaður hennar þjónaði í biskupsráðinu og börnin hennar voru vaxin úr grasi. Hún sagði: „Þú ert alltaf hér einsömul! Ég sé að þú leggur þig alla fram. Gæti Tyson setið hjá mér?“ Ég vissi hreinlega ekki hverju svara skildi. Ég kinkaði bara kolli þegar hún tók í hönd hans og leiddi hann nú glaðan og hamingjusaman aftur inn í salinn.

Ég þerraði tárin, tók upp litla barnið mitt og gekk auðmjúk aftur inn í salinn, til að njóta þess sem eftir var af samkomunni í friði og spekt.

Þegar við gengum inn í salinn næsta sunnudag, leitaði Tyson uppi hina nýju vinkonu sína. Á kvöldin sagði hann í bæn sinni: „Himneskur faðir, þakka þér fyrir systur Beus. Ég elska hana svo mikið!“

Þrjú ára hafa liðið síðan þetta gerðist og Tyson leitar enn oft að systur Beus í salnum. Á síðasta ári var hún kölluð sem kennari Tysons í Barnafélaginu. Hann var þá hamingjusamasti drengur á jörðu.

Ég er afar þakklát fyrir systur Beus og hve fúslega hún elskar og þjónar öðrum. Ég veit að við getum blessað aðra þegar við þjónum eins og frelsarinn gerði. ■

Kristi Lewis, Utah,
Bandaríkjunum

BÚIÐ!

Einn sunnudagseftirmiðdag, er ég sinnti viðtölum mínum sem biskup, veittist mér sú ánægja að ræða við góðan vin um vissar áskoranir sem hann tókst á við. Eftir að hafa hlustað á áhyggjur hans í nokkrar mínútur, fannst mér að hann þyrfti að lesa ritningarnar reglubundið. Ég hugsaði líka með mér, sem biskup hans, að sjálfur þyrfti ég að lesa ritningarnar reglubundnar, sem var nokkuð sem ég hafði átt í erfiðleikum með. Ég lagði því til að við yrðum „ábyrgðarfélagar“ og reyndum að lesa ritningarnar oft og reglubundið.

Dag hvern, eftir að við höfðum lesið í ritningunum, sendum við hvor öðrum textaboð og einungis orðið *Búið!* Að vita af því að annar biði þess að vita hvort lestri dagsins væri lokið, var okkur báðum mikil hvatning. Ef annar okkar gleymdi að lesa, veitti það okkur áminningu að fá textaboðið. Ef annar hvor okkar sendi ekki textaboð, þá var hann ekki látinn gjalda fyrir það. Við leyfðum hvor öðrum að taka áskoruninni án þess að vekja sektarkennd.


Við byrjuðum á þessu fyrir sex mánuðum og ég minnst þess ekki að við höfum misst úr dag við ritningalesturinn. Þessi bróðir stóð upp á föstu- og vitnisburðarsamkomu fyrir nokkrum mánuðum og bar vitni um hin jákvæðu áhrif sem daglegur ritningalestur hefði á hann og fjölskyldu hans.

Ég er þakklátur fyrir þennan bróður og vináttu hans, sem og fyrir hin daglegu textaboð hans. Ég hef séð hvernig tæknin getur auðgað líf okkar, ef við notum hana rétt. Ég er líka þakklátur fyrir ritningarnar og hvernig þær vitna um Krist. Ég veit að friðþægingarfórn frelsarans gerir okkur mögulegt að snúa aftur til dvalar hjá honum einhvern daginn. ■

Alex Whibley, Bresku-Kólabíu, Kanada

Við urðum „ábyrgðarfélagar“ við að reyna að lesa ritningarnar oft og reglubundið.

Búið!



ÞÍN EIGIN LÍAHÓNA

„Blessun ykkar á ekki að brjóta snyrtilega saman og setja á afvikinn stað. Hana á ekki að ramma inn eða gefa út. Hana ætti heldur að lesa. Hana ætti að varðveita. Henni ætti að lifa eftir. Patriarkablessun ykkar mun leiða ykkur í gegnum svartasta myrkrið. Hún mun leiða ykkur í gegnum hættur lífsins. . . . Patriarka blessun ykkar er ykkar persónulega Líahóna, til að marka stefnu ykkar og veita ykkur leiðsögn.

Thomas S. Monson forseti, „Your Patriarchal Blessing: A Liahona of Light,” *Ensign*, nóv. 1986, 66.



Að skilja patriarkablessunina þína

Allie Arnell og Margaret Willden

Lífið geymir mörg ókortlögð svæði: *Í hvaða skóla ætti ég að fara? Hvað ætti ég að læra? Ætti ég að fara í trúboð? Hverjum ætti ég að giftast?* Mynduð þið fylgja persónulegum leiðarvísi, ef ykkur væri gefinn hann til könnunar og ákvarðanatöku?

Himneskur faðir og Jesús Kristur hafa gefið okkur slíkan leiðarvísi – patriarkablessun – til að veita okkur handleiðslu fyrir lífið. Þótt okkur sé gefin gjöf sjálfræðis og sé frjálst að velja það sem hugurinn stendur til, þá geta patriarkablessanir varpað ljósi á þá stefnu sem færir okkur mestu hamingjuna.

Það er þó ekki nóg að hafa hjá sér leiðarvísi. Við verðum að ígrunda og skilja hann og fara eftir leiðsögn hans. Á sama hátt og þið farið að skilja málið sem notað er í patriarkablessun – þínum persónulega leiðarvísi fyrir lífið – þá munuð þið fá greint hver þið eruð í augum Guðs og hvað þið getið orðið.

Uppgötva ætterni sitt

Patriarkablessun ykkar tilgreinir fyrst og fremst ætterni ykkar eða þá ákveðnu ættkvísl af ættkvíslunum tólf frá Jakob (sem síðar var nefndur Ísrael) sem þið tilheyrið. Þótt við séum ekki öll bókstaflegir afkomendur Jakobs, þá kenna ritningarnar okkur að kirkjumeðlimir séu ættleiddir í Hús Ísraels: „Því að allir þeir, sem meðtaka þetta fagnaðarerindi, skulu kenndir við nafn þitt og teljast niðjar þínir, og þeir munu rísa á fætur og blessa þig sem föður sinn“ (Abraham 2:10).

Shelisa Schroepel frá Utah, Bandaríkjunum, segir: „Þar sem ég vissi að ég tilheyrdi húsi Jakobs, þá varð það til að hjálpa mér að skilja tilgang minn í þessu lífi og ástæðu þess að ég er kölluð í ákveðnar kallanir í kirkjunni.“

Patriarkablessun ykkar gæti líka tilgreint einhverja tiltekna blessun sem fylgir ákveðinni ættkvísl. Margir meðlimir kirkjunnar tilheyra til að mynda ættkvísl Efraíms, sem var falið það sérstaka hlutverk að breiða boðskap



**Það getur reynst
ykkur auðveldar
að finna lífsstefnu,
ef þið skiljið
eitthvað af því
sem tilgreint er
í blessun ykkar.**

hins endurreista fagnaðarerindis út um heiminn (sjá 5. Mós 33:13–17; K&S 133:26–34).

Finna persónulega leiðsögn

Ef ferðalangur notar leiðarvísi rétt, ætti hann ekki að villast. Á líkan hátt, þá er patriarkablessun leiðarvísir og veitir ykkur leiðsögn fyrir þessar jarðnesku ferð. Patriarkablessun ykkar tilgreinir ekki einungis hvað ykkur ber

ÁBENDINGAR TIL ÍGRUNDUNAR



- Finnið leiðsögn, aðvaranir, hæfileika, og loforð í patriarkablessun ykkar. Biðjist fyrir um hvernig þetta getur átt við núverandi aðstæður ykkar í lífinu.
- Ígrundið blessun ykkar oft og vandlega alla ykkar ævi. Ein setning getur haft ólíkar merkingar fyrir ykkur á hinum ýmsu tímum.
- Hafið í huga að patriarkablessun tilgreinir ekki alla þætti lífs ykkar. Þótt mikilvægt markmið sé ekki tilgreint í blessun ykkar, getur verið mikilvægt fyrir ykkur að keppa að því.
- Lifið eftir fagnaðarerindinu. Blessanirnar í patriarkablessun ykkar er háð réttlæti ykkar.
- Setjið markmið um að leita þeirra gjafa og þroskað þá hæfileika sem fram koma í blessun ykkar.
- Hugleiðið lífsstefnu ykkar og hvar þið þráið að lokum að vera. Hvernig falla markmið ykkar að patriarkablessun ykkar?
- Hugleiðið að taka afrit af patriarkablessun ykkar, til námsnota. Þið getið skrifað hugsanir, stríkað undir texta og skráð ritningavers sem tengjast blessun ykkar.

að gera, heldur getur hún veitt ykkur skilning á því hvaða stefnu skal taka – sé hanni fylgt í trú – og auðvelda ykkur að laga líf ykkar að vilja himnesks föður. Þegar þið ígrundið patriarkablessun ykkar í þeim tilgangi að haga lífi ykkar þannig að það laði að anda Drottins, getið þið fundið öryggi, gleði og lífsstefnu.

Gabriel Paredes frá LÍma, segir: „Sumt af því sem tilgreint er í blessuninni minni hef ég aðeins getað tileinkað mér fyllilega með fjölskyldu minni, eftir að ég var innsiglaður eiginkonu minni.

Við veltum því fyrir okkur nýverið hvað við gætum gert til að efla og styrkja okkar ný stofnuðu fjölskyldu. Spurningu okkar var svaraði í patriarkablessun minni. Í henni er ég hvattur til að leggja áherslu á virðingu, umburðarlyndi og elsku í fjölskyldu minni, af því að það er eitt af því sem mikilvægt er í fagnaðarerindi Jesú Krists.

Mér og eiginkonu minni hefur tekist að sigrast á vandamálum, eftir því sem við höfum hagnýtt okkur þessa leiðsögn. Við þurfum endrum og eins að takast á við áskoranir sem fjölskylda, en við erum hamingjusöm. Mér fannst Drottinn vera að minna mig á hvernig ég get átt þá fjölskyldu sem hann lofaði mér. Ég veit að Drottinn talar í gegnum patriarkablessanir og okkur ber að fylgja leiðsögninni sem þar er tilgreind.“

Hlíta aðvörum

Leiðarvísir þarf hugsanlega ekki að tilgreina allar hættur leiðarinnar, en

til allrar hamingju, þá geta patriarkablessanir oft veitt okkur aðvaranir á leið okkar. Sumar slíkar aðvaranir eru til að vernda okkur gegn áhrifum Satans; aðrar geta tilgreint hvernig við getum sigrast á hinum náttúrlega manni hið innra.

Hvað varðar Caitlin Carr frá Utah, þá voru sumar aðvaranirnar í patriarkablessun hennar ekki fyllilega skýrar þegar í stað, en þegar hún ígrundaði þær síðar, þá hlaut hún aukinn skilning.

„Þegar ég fékk patriarkablessun mína, þá var ég vörud við fólki sem myndi reyna að leiða mig af vegi sannleikans með lokkandi tali. Ég hugsaði ekki mikið út í þetta; trú mín var sterk á þær kenningar sem mér höfðu verið kenndar.

Ári síðar stóð ég samt frammi fyrir hugmyndum og heimspeki sem í fyrstu virtust byggðar á sanngirni og kærleika, en voru það ekki. Þessi hugmyndafræði virtist landlæg: Í fjölmiðlum, í skóla og jafnvel meðal nánustu vina. Þótt ég hefði vitað að þessi hugmyndafræði væri í andstöðu við vilja Guðs, þá vildi ég reyna að styðja bæði þessa nýju hugmyndafræði heimsins og kirkjuna. Mér varð þó brátt ljóst að „enginn getur þjónað tveimur herrum“ (Matt 6:24) og að ég ætti ekki að reiða mig á visku manna. Himneskur faðir hjálpaði mér að sigrast á þessum efasemdum mínum með hjálp ritninganna og veitti mér frið í huga og hjarta. Vitnisburður minn hefur styrkst af þessu og ég hef orðið staðfastari í því að verja það sem ég veit að er satt.“

Þroska gjafir og hæfileika

Patríarkablessun ykkar getur líka gert grein fyrir andlegum gjöfum og hæfileikum sem Drottinn hefur gefið ykkur til að byggja upp ríki hans. Ef blessun ykkar tilgreinir hæfileika sem þið kannist ekki við að hafa, gæti það verið vegna þess að ykkur hefur enn ekki gefist kostur á að uppgötva eða þroska hann. Þið getið tileinkað ykkur þann hæfileika og marga aðra, með því að leita hjálpar Drottins af kostgæfni.

Þegar þið þroskið hæfileika ykkar, munuð þið bera kennsl á hið einstaka sem þið leggið af mörkum til verks Drottins. Johanna Blackwell frá Kaliforníu, Bandaríkjunum, ígrundar gjafirnar og hæfileikana í blessun sinni þegar hún freistast til að bera sig saman við aðra: „Þegar ég les patríarkablessun mína, þá rifjast upp fyrir mér að ég hef verið blessuð með þeim gjöfum sem ég hef persónulega þurft á að halda, til að geta sigrast á þrengingum og tekið þátt í að hraða verki Drottins.

Blessunin mín segir frá eiginleikum mínum til að elska, fyrirgefa og hafa hugrekki til að blandast þeim sem umhverfis eru. Eftir því sem ég hef tileinkað mér þessar gjafir, þá hefur Drottinn blessað mig með aukinni þrá til að kynnast nýju fólki og efla tengsl við það og menningu þess. Vitnisburður minn um að við séum öll börn okkar kærleiksríka föður hefur þar af leiðandi styrkst og ég hef getað þjónað öðrum, er við keppum öll að því að verða líkari Kristi.“

Leita lofaðra blessana

Að lokum, þá opinberar patríarkablessun okkar loforð himnesks föður til okkar, bundið því að við séum trúföst honum. Það er ekkert tryggt hvenær slík loforð verða uppfyllt, en við getum verið viss um að þau verða uppfyllt, ef við lifum eftir fagnaðarerindinu, hvort heldur í þessu lífi eða því næsta.

Sergio Gutierrez frá Nevada, Bandaríkjunum, reiðir sig á loforð í

patríarkablessun sinni, ætíð þegar hann hefur áhyggjur af starfsferli sínum: „Þegar ég hef áhyggjur af óvissri framtíð er loforð í patríarkablessun minni sem ætíð veitir mér rósemd. Þetta loforð veitir mér fullvissu um að svo framarlega sem ég legg hart að mér og er trúfastur, þá mun ég hafa allt sem ég þarf til að sjá fjölskyldu minni farborða og byggja upp kirkjuna. Ég veit enn ekki nákvæmlega hvað ævistarf ég hyggst leggja fyrir mig, en það veitir mér trú og fullvissu að eiga þetta loforð.

Ef þið hafið hugleitt hver vilji himnesks föður er varðandi ykkur, þá eruð þið ekki ein um það. Drottinn vissi að þið gætuð staðið frammi fyrir mörgum ólíkum lífsleiðum, svo hann hefur séð ykkur fyrir persónulegum leiðarvísi, til að líf ykkar sé í samhljóm við fagnaðarerindi hans. Patríarkablessanir geta ekki tekið ákvarðanir fyrir okkur, en þær geta verið okkur til leiðsagnar að eigin persónulegri opinberun. Fyrir tilstilli patríarkablessana okkar er okkur sýnt hvernig við föllum inn í áætlun Drottins um að safna saman Ísrael, með því að ígrunda ættkvísl okkar; okkur er gefin persónuleg leiðsögn, aðvaranir og loforð; og við erum upplýst um okkar einstöku gjafir og hæfileika, sem himneskur faðir hefur veitt okkur til að þjóna honum. Svo framarlega sem þið reynið að lifa í samræmi við alla þessa þætti í ykkar eigin patríarkablessun, getið þið verið viss um að ákvarðanir ykkar séu í samhljóm við vilja Drottins hvað líf ykkar varðar. ■

Höfundar eiga heima í Illinois og New York, Bandaríkjunum.



Drottinn hefur séð ykkur persónulega fyrir leiðarvísir, til að líf ykkar sé í samhljóm við fagnaðarerindi hans.

Búa sig undir nýtt ferðalag

Karina Martins Pereira Correia de Lima

Á þeim vikum sem leið fram að giftingu minni og musterisins siglun, tók ég að kvíða örlítið öllu því sem ég þurfti að gera áður en ég stofnaði til fjölskyldu. Þrátt fyrir gleði þessarar stundar, þá olli það mér streitu að koma skipulagi á okkar nýja líf, koma fjármálunum í rétt horf, finna geymslurými fyrir eigur okkar og allt annað sem féll undir mínar nýju ábyrgðarskyldur sem eiginkona. Ég vildi vera viss um að við hæfum hjónabandið okkar á réttan hátt og tryggja að hið miklvæga í lífinu yrði sett á oddinn, líkt og að halda boðorðin og verja saman tíma sem eiginmaður og eiginkona, þrátt fyrir annasamt líf.

Þegar nær dró giftingardeginum, furðaði ég mig á stöðugum martröðum sem ég fékk, um allskyns vandamál sem herjað gætu á fjölskyldu. Það sem fjölskylda mín var kærleiksrik en

þjökuð og átti í stöðugum og heitum erjum, þá höfðu þessir slæmu draumar meiri áhrif á mig fyrir vikið. Þá gerðist það nótt eina, eftir slæma drauma, að ég vaknaði í svitabaði og ákvað að fara eftir leiðsögn systur Neill F. Marriott, annars ráðgjafa í aðalforsætisráði Stúlknafélagsins, sem hún gaf í ræðu sinni „Gefa Guði hjarta okkar“ (*Aðalráðstefna*, okt. 2015, 31). Ég lauk aftur augum og bað: „Kæri himneski faðir, hvað get ég gert til þess að þessi neikvæðu hlutir hafi ekki áhrif á fjölskyldu mína?“

Svarið var svo eindregið og ákveðið að það var eins og einhver hefði opnað dyr að huga mínum og komið hugsuninni þar fyrir. Hin hljóða og kyrrláta rödd blés mér í brjóst: „Gerðu bara það sem af þér er vænst. Vertu ætíð trúföst.“ Andinn hvíslaði að mér ákveðinni leiðsögn og mér fannst að allt yrði í lagi, ef ég færi eftir henni.

Ég þurfti, líkt og Nefi, sem sigldi út í hið óþekkta, að iðka trú á Drottin varðandi það að stofna fjölskyldu.

Ég brosti og fann brjóst mitt fyllast kærleika. Allur kvíði hvarf þegar í stað, því ég vissi að um sannleika væri að ræða. Ég hafði áður fundið fyrir heilögum anda en aldrei svo áþreifanlega og þessa nótt. Ég fann kærleika himnesks föður og frelsara okkar umlykja mig og vissi að huggun og hjálpræði fjölskyldu



minnar væru þeim jafn mikilvæg og mér.

Frásögn í ritningunum kom í huga minn, til ennfrekari staðfestingar – þegar Drottinn bauð Nefi að smíða skip og sagði: „En svo bar við, að Drottinn talaði til mín og sagði: Smíða skalt þú skip *á þann hátt sem ég sýni þér*, svo að ég geti flutt fólk þitt yfir þessi vötn“ (1 Ne 17:8; skáletrað hér).

Nefi og fjölskylda hans höfðu verið í óbyggðunum í mörg ár og þolað allskyns erfiðleika. Hann hefði getað kviðið því að takast á við ferð yfir hafið og látið óttann verða yfirsterkari trúnni. Hann gerði það þó ekki. Hann tók á móti fyrir mælum Guðs og hlýddi. Hann trúði að loforð hans yrðu uppfyllt. Drottinn sagði Nefi ekki frá því að stormar myndu geysa eða að öldurótið kæmi yfir skipið. Hann sagði Nefi hinsvegar að honum myndi takast að leiða fjölskyldu sína heila á húfi yfir hafið, til fyrirheitna landsins, ef hann færi eftir leiðsögn sinni.

Mér varð ljóst að ég hafði líka ferðast um óbyggðir í mörg ár, en hafði nú hafið frammi fyrir mér, reiðubúin

í nýja ferð: Hjónabandið. Ég hafði verið kölluð – og ég held að sú sé raunin með allar fjölskyldur Síðari daga heilagra – til að smíða skip eftir fyrir mælum Guðs.

Eftir að ég og eiginmaður minn gengum í hjónaband, urðu erfiðleikar á vegi okkar. Ég veiktist og við áttum fullt í fangi með að koma lagi á fjármálin okkar og tileinka okkur allar hinar góðu venjur sem við höfðum einsett okkur að gera.

Leiðsögnin sem ég hafði hlotið þessa nótt var þó stöðugt með mér. Við reyndum dag hvern að læra og varðveita orð Guðs í hjörtum okkar, að fylgja hinu góða fordæmi okkar kæru leiðtoga – þar með talið Krists – og bæta okkur sjálf. Ég hlaut sterkari vitnisburð um bænina og upplifði sannlega elsku föðurins til okkar. Ég tók að treysta meira og óttast minna. Okkur varð ljóst að erfiðleikar okkar höfðu leitt til framfara. Í dag finnst okkur heimilið okkar vera sem brot af himni.

Við erum enn rétt að byrja ferð okkar, en að ganga í

hjónaband og stofna fjölskyldu er það allra besta sem ég hef gert. Hjarta mitt fyllist gleði þegar ég hugsa um must-erishelgiathöfnina sem við tókum á móti og vitum að var innsigluð með valdi Guðs. Því meiri skilning sem ég hlít um mikilvægi fjölskyldunnar í áætlun himnesks föður og helgi sáttmálans sem við gerðum, því dýpri verður þrá mín til að hjálpa öðrum fjölskyldum að taka á móti þessari sömu helgiathöfn.

Ég lærði að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því sem á eftir að gerast, „því að ekki gaf Guð oss anda hugleysis, heldur anda máttar og kærleiks og stillingar“ (2 Tím 1:7). Við þurfum einfaldlega að vera hlýðin, fara eftir fyrir mælum ritninganna og orðum nútíma spámannanna og biðjast fyrir um aukna leiðsögn. Ef við getum það, getum við siglt yfir haf þessara síðustu daga, í trausti þess að ástvinir okkar verði öruggir, hvað svo sem kann að dýnja á okkur. ■

Höfundur býr í Paraná, Brasilíu.



Hvernig get ég ígrundað í **HUGA** og

Lærið hvað gera skal til að hljóta svör við spurningum.

Hvað getið þið gert þegar þið hafið spurningar um eitthvað sem viðkemur kenn-ingum eða sögu kirkjunnar eða er persónulegt? Hvernig finnið þið svörin? Drottinn lofaði: „Ég mun segja þér í huga þínum og hjarta, með heilögum anda“ (K&S 8:2). Hvernig beitir þú huga og hjarta til að bera kennsl á innblástur? Hér eru nokkrar ábendingar.

HUGUR

Lærið, biðjið, hlustið

Öldungur Robert D. Hales, í Tólfpostulasveitinni, sagði að þegar við hyggjumst taka „mikilvægar ákvarðanir fyrir lífið . . . , þá væntir himneskur faðir þess að við notum sjálf-ræði okkar, ígrundum aðstæður eins og reglur fagnaðarerindisins kveða á um og kom-um fram fyrir hann í bæn með ákvörðun“ („The Holy Ghost,” *Liahona*, maí 2016, 105).

Þetta á við um allar spurningar. Degar þið ígrundið, biðjið þá einlæglega varðandi þau svör sem þið finnið í leit ykkar. Heilagur andi mun veita ykkur hugboð – sem gæti verið hugmynd, orð sem koma í hugann eða einhvers konar persónuleg áminning – til að leiða ykkur að enn frekari svörum sem þið þurfið á að halda.

Notið hjálpartæki

Kannið ritningarnar, einnig Leiðarvísi að ritningunum, og annað gagnlegt. Þið getið líka kannað annað SDH efni, svo sem aðalráðstefnur, trúarefni á LDS.org, kirkjutímarit, rit-verk Josephs Smith og fleira. (Sjá bls. 54, þar sem finna má skrá yfir gagnlegt kirkjuefni.)

Talið um það

Óttist ekki að biðja um aðstoð. Öldungur Ronald A. Rasband í Tólfpostulasveitinni, sagði: „Ég ætla að skora á ykkur. . . . Þið skuluð hugsa um einhvern [sem getur hjálpað ykkur að finna svör] – góðan vin, for-eldri eða foreldra, afa eða ömmu, kennara, biskupsráð [eða] leiðbeinanda . . . og þið þurfið að fá þessum spurningum svarað“ (Face to Face broadcast, 20. jan 2016). Látið reyna á þetta! Talið við einhvern sem þið treystið fyrir spurningu ykkar og leitið saman að svörum.

Biðjið

Hlustið

Talið

TEIKNING EFTIR JOSH TALBOT

HJARTA?

Lærið

Lærið

Biðjið

Hlustið

Sýnið
þolinmæði

HJARTA

Lærið, biðjið, hlustið

Þessi skref eru mikilvæg til að ígrunda bæði í huga og hjarta. Dieter F. Uchtdorf forseti, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, sagði: „Ef þið viljið þekkja andlegan sannleika, þá þurfið þið réttu verkfærin til þess. Þið getið ekki öðlast þekkingu á andlegum sannleika með röngum og gagnslaum verkfærum“ („Receiving a Testimony of Light and Truth,” *Liahona*, nóv 2014, 22). Heilagur andi er verkfærið sem við getum notað til að læra um það sem andlegt er. Þegar þið því biðjið og hlustið á andann, þá mun sá tími koma að þið finnið svörin.

Verið þolinmóð

Uchtdorf forseti útskýrði einnig: „Því meira sem við beinum hjarta og huga að Guði, því meira ljós frá himni mun falla á sál okkar. . . . Smám saman mun það sem áður virtist þokukennt, myrkt og fjarlægt verða skýrt, bjart og okkur kunnuglegt“ („Receiving a Testimony of Light and Truth,” 22). Það getur tekið langan tíma að leita svara. Ef þið hins vegar eruð fús til að hlusta eftir svörum, jafnvel þótt það taki tíma, þá munið þið finna þau.

Æfið að bera kennsl á hugboð

Því oftast sem þið berið kennsl á hugboð og farið eftir þeim er andinn hvíslar í hjartað, því auðveldar mun ykkur reynast að bera kennsl á fleiri hugboð á komandi tíma. Þið getið fundið „hvort það sé rétt“ eða upplifað „sljóleika“, ef það er rangt (sjá K&S 9:8–9). Þið gætuð líka fundið ljúfa áminningu, friðartilfinningu eða annarskonar tilfinningu, sem er ein-kennandi fyrir ykkur. Drottinn þekkir ykkur og hann veit hvernig þið munuð skilja andann. Hann mun veita ykkur ljúfa leiðsögn, sem er ætluð ykkur sérstaklega. Haldið því áfram að hlusta og æfa. ■



SVÖR FRÁ GUÐI

„Að takast á við einlægar spurningar, er mikilvægur þáttur í að byggja upp trú og við notum bæði skynsemi okkar og tilfinningar. Drottinn sagði: „Ég mun segja þér í huga þínum og hjarta“ [K&S 8:2]. Svör við öllu hljófast ekki þegar í stað, en mögulegt er að hljóta svör við flestum spurningum með því að læra af einlægni og leita svara hjá Guði.“

Öldungur Neil L. Andersen, í Tölfróstasveitinni, „Faith Is Not by Chance, but by Choice,” *Liahona*, nóv. 2015, 66.


GERÐU TRÚARNÁMIÐ PERSÓNULEGRA

*Skoðið þessar ábendingar
um trúarnám og finnið svör
við andlegum spurningum
ykkar.*

Bethany Bartholomew

Kirkjutímaritin

Hvernig lærir þú þegar þú leitar svara við andlegum spurningum eða reynir bara að skilja ritningarnar betur? Þá á ég við þig – persónulega. Hver hefur sinn háttinn á við skólalærdóminn, en stundum gleymist að við getum líka gert trúarnámið persónulegra. Næst þegar þið hafið andlega eða kenningarlega spurningu, reynið þá að hagnýta ykkur eitthvað af þessum ábendingum til að átta ykkur á hvað gæti best hentað ykkur.



1. SKAPIÐ

Búið til lista, töflu eða kort.
(Sjá til dæmis hér að neðan.)

Búið til námsvef. Skráið orð og hugmyndir og tengið það síðan línunum og hringjum, til að sýna samband þeirra.



BÚIÐ TIL LISTA, TÖFLU EÐA KORT

Stundum er gagnlegt að skipuleggja hugsanir sínar sjónrænt í trúarnámi með því að skrá þær í einhvers konar lista, töflu eða kort. Hér er dæmi um töflu sem hægt er að búa til þegar verið er að læra um bréf Páls í Nýja testamentinu. Þið getið búið til lista, töflu eða kort, af einhverju tagi, til að nota sjálf við námið. Látið sköpunargáfuna njóta sín! Finnið skemmtilegar leiðir til að koma skipulagi á trúarnámið.

BRÉF PÁLS

BRÉF	MEÐ FÉLAGA?	SKRIFAÐ FRÁ ...?	MEGIN EFNI BRÉFS
Dæmi: 1. Tímóteus- arbréfið	Ekki tiltekið	Laodicea (sjá athugasemd aftast í 1. Tímóteusarbréfinu)	Sönn kenning, frelsarinn, bæn, trú og kærleikur, eiginleikar leiðtoga, fráhvarf, annast fátæka, vera trúfastur, forðast ríkidæmi heimsins

2. SKRIFIÐ

Skrifið hugsanir og hugboð sem þið hljótið við lestur ritninganna í glósu-
bók og íhugið oft þær hugsanir.

Skrifið þær hugsanir og hugboð sem berast eftir bænir, jafnvel þótt það tengist ekki beint efninu sem þið lærið. Áttið ykkur á því sem andinn kennir ykkur yfir ákveðinn tíma.

Punktið hjá ykkur spurningar, í glósubók eða símtæki eða skrif-
blokk við rúmið ykkar, til áminn-
ingar og til að hjálpa ykkur að
hugsa um hið daglega námsefni.



3. HLUSTIÐ OG RÆÐIÐ

Ræðið við foreldri eða áreiðanlegan leiðtoga. Vinnið saman að þessu. Það gæti tekið tíma, en þið munið þroskast saman í ferlinu.

Kennið einhverjum öðrum. Skiptist á að miðla því sem þið *vissulega* vitið. Ræðið hvað þið lærðuð af þessum samskiptum.

Hlustið á sögur úr ritningunum eða aðrar SDH sögur.

4. KANNIÐ

Leitið í námshjálpi í ritningunum eða á netinu (sjá upptalningu gagnlegs SDH efnis hér á eftir).

Leitið að myndböndum og söngvum á LDS.org sem tengjast námsefni ykkar.

Ígrundið samhengið. Kannið aðdraganda eða kapitula þess efnis eða ritningarversa sem þið lærið.

NÝTIÐ NÁMSHJÁLPINA

Í ritningunum og á netinu má finna marga sem gott er að nota þegar þið lærið mikilvægt efni. Hér er nokkuð af því sem er fyrir hendi og hvar það er að finna:



Í RITNINGUNUM

- Leiðarvísir að ritningunum
- Tímatal í Biblíunni (atburðir Gamla og Nýja testamentisins settir í tímaröð)
- Samræmi Guðspjallanna (sögur um frelsarann í Matteus, Markús, Lúkas og Jóhannes raðað eftir atburðum, stöðum og tímasetningum)
- Dýðing Josephs Smith á Biblíunni
- Kort og ljósmyndir
- Skammstafanir



Á LDS.ORG

- Ritningar (lds.org/scriptures/?lang=isl)
- Aðalráðstefnur (lds.org/general-conference/conferences?lang=isl)
- Trúarefni (lds.org/languages/isl?lang=isl)
- Kirkjutímarit (lds.org/liahona/past-issues?lang=isl)
- Kirkjusaga (history.lds.org)
- Námshjálpi (lds.org/scriptures/?lang=isl)
- Lexiur og kennsluefni (kirkjajesukrists.is/truarfraeisafn.html)
- LDS Media Library (lds.org/media-library)
- Hjálpi við áskorunum (lds.org/go/41754b)



ANNAÐ Á NETINU

- Ættarsaga (familysearch.org)
- Rás mormóna (mormonchannel.org)
- Ritningarvers sem vitnað er í á aðalráðstefnum (scriptures.byu.edu)
- Fréttastofa mormóna (mormonnewsroom.org)
- Trúboðsstarf og miðlun fagnaðararindisins (mormon.org)
- Pappírar Josephs Smith (josephsmithpapers.org)

5. GERIÐ

Leikið ritningasögur eða aðrar sögur. Hvernig hjálpar það ykkur að skilja námsefnið betur að setja ykkur í spor annars einstaklings? Hvernig væru álíka aðstæður í ykkar lífi?

Búið til ritningakeðju sem tengir svör sem þið finnið í ritningunum. (Sjá til dæmis hér að neðan.)

BÚIÐ TIL RITNINGAKEÐJU

Sundum er gagnlegt að skrá nokkur ritningavers sem fjalla um sama efnið. Skoðið Leiðarvísi að ritningunum til að finna vers sem tengjast námsefninu. Nýtið síðan neðanmálstexta og samhengi til að tengja frekari upplýsingum um sama efnið. Skráið næsta ritningarvers keðjunnar á spássíu fyrra versins o.s.frv. Þið getið líka leitað að ráðstefnuræðum um ákveðið efni, til að auðvelda ykkur námið (sjá efnislista á lds.org/general-conference/conferences?lang=isl). Hér er dæmi um ritningakeðju um efnisatriðið von.

RITNINGAKEÐJA

Ritningarvers um von:

Byrjið hér: Moró 7:40



Eter 12:4



Moró 7:3



Kenning og sáttmálar 138:14



Moró 7:41



Endið hér: Alma 46:39 (Skrifið Moró 7:40 á spássíuna við hlið þessa vers.)

Ræður um von

- Dean M. Davies biskup, „Blessanir tilbeiðslu,“ aðalráðstefna október 2016.
- Öldungur Paul V. Johnson, „Dauðinn mun ekki framar til vera,“ aðalráðstefna apríl 2016.
- Dieter F. Uchtdorf forseti, „Hann mun leggja þig á herðar sér og bera þig heim,“ aðalráðstefna apríl 2016.
- Öldungur L. Whitney Clayton, „Veldu að trúa,“ aðalráðstefna apríl 2016.
- Boyd K. Packer forseti (1924-2015), „Tílefni vonar okkar,“ aðalráðstefna október 2014.
- Henry B. Eyring forseti, „Ómetanleg arfleifð vonar,“ aðalráðstefna apríl 2014. ■





Öldungur
Quentin L. Cook
í Tölfpóstulasveitinni

HVERNIG FINNA MÁ SANNAN FRIÐ

Góðir einstaklingar hafa ætíð haft þá himnesku þrá að friður ríki á jörðu. Við megum aldrei gefast upp á því að ná því markmiði. Joseph F. Smith (1838–1918) kenndi þó þetta: „Sá andi friðar og kærleika getur aldrei komið í heiminn . . . fyrr en mannkynið hefur meðtekið sannleika og boðskap Guðs . . . og viðurkennt guðlegan kraft hans og valdsumboð.“

Við vonumst eftir og biðjum einlæglega fyrir friði á jörðu, en slíkur friður verður að veruleika fyrir einstaklinga og fjölskyldur og er fyrirheit og **ávöxtur réttlætis**. Þessi friður er gjöf sem okkur er lofað fyrir ætlunarverk og fórnardauða frelsarans.

Friður er ekki einungis öryggi eða fjarvera stríðs, ofbeldis, átaka eða ósættis. Friður hlýst af þeirri **vitneskju að frelsarinn veit hver við erum** og veit að við **eigum trú á hann, elskum hann og höldum boðorð hans**, þrátt fyrir og jafnvel einkum í okkar mestu þrautum og þrengingum (sjá K&S 121:7–8).

„Hvar finn ég helgan frið? Hvar er mín hvíldin þráð, er engin virðist veita grið? („Where Can I Turn for Peace?“ *Hymns*, nr. 129). **Frelsarinn er svarið**. Hann er uppspretta og höfundur friðar. Hann er „Friðarhöfðinginn“ (Jes 9:6).

Að sýna auðmýkt frammi fyrir Guði, **að biðja** ávallt, **iðrast** synda sinna, fara ofan í **skírnarvatnið** með **sundurkramið hjarta** og **sáriðrandi anda** og **verða sannur lærisveinn** Jesú Krists, eru afgerandi dæmi um réttlæti sem leiðir til varanlegs friðar.

Kirkjan er skjól þar sem fylgjendur Krists geta meðtekið frið. Sumt af unga fólkinu í heiminum segist vera andlegt en ekki trúað. Að vera andlegur er fyrsta skrefið. Hins vegar er það innan kirkjunnar sem við finnum **stuðning vina, hljótum kennslu** og **erum endurnærð af hinu góða orði Guðs**. Enn mikilvægara er þó að það er prest-dæmisvaldið innan kirkjunnar sem sér okkur fyrir **helgiathöfnum** og



sáttmálum sem binda fjölskyldur saman og gerir okkur öllum kleift að snúa aftur til Guðs föðursins og Jesú Krists í himneska ríkið. Þessar helgiathafnir færa okkur hugarró vegna þess að þær eru sáttmálar við Drottinn.

Það er í musterunum sem margar af þessum helgiathöfnum eru framkvæmdar og veita okkur einnig friðsælt skjól frá heiminum. Þeir sem **koma á musterislóðir** eða í opin hús mustera upplifa líka slíkan frið.

Frelsarinn er uppspretta hins sanna friðar. Friður verður umbun réttláts lífnis, þrátt fyrir erfiðleika lífsins, sökum friðþægingar og náðar frelsarans (sjá Jóh 14:26–27; 16:33). ■

Úr aðalráðstefnuræðu í apríl 2013.

Gleymd bók, minnistæður vitnisburður

Augu allra beindust að mér. Gæti ég komið kirkjunni til varnar með mínum einfalda vitnisburði?

Abegail D. Ferrer

Fyrir einu ári setti ég mér markmið um að bæta minn andlega lærdóm. Ég hafði með mér kirkjubækur, bæklinga, kennslubækur og ritningar hvert sem ég fór, þar með talið í skólann, því mig hungraði í orð Guðs. Úr þessari viðleitni minni dró þó þegar ég varð önnur kafin fyrir próflestur.

Dag einn leiddi kennarinn umræðuna og bað alla þá nemendur sem ekki voru kaþólskir að standa upp. Ég var eini Síðari daga heilagur í námsbökknum. Sex aðrir nemendur stóðu líka upp.

Við vorum síðan spurð: Í hvað kirkju eruð þið? Hver stofnaði hana? Hvernig var kirkjan ykkar stofnuð?

Ég var síðust til að svara. Ég fann til óryggis yfir því að hafa ekki haft með mér kirkjubækurnar og reyndi að rifja upp það sem ég hafði lært. Ritningarvers í Biblíunni kom upp í huga minn:

„Treystu Drottni af öllu hjarta, en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit.

Mundu til hans á öllum þínum vegum, þá mun hann gjöra stigu þína slétta“ (Okv 3:5–6).

Ég stóð frammi fyrir hinum í bekknum ákveðin og óttalaus. Ég byrjaði á því að segja að ég væri meðlimur

Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Ég sagði sögu hins unga drengs, Josephs Smith, sem sá Guð. Ég fann brjóst mitt brenna og tár féllu af hvörmum mér. Ég sagði að kirkjan hefði verið stofnuð 6. Apríl 1830 og bar vitni um að spámaður Guðs hefði verið kallaður og prestdæmið endurreist. Ég vitnaði um að ég vissi að allt þetta væri sannleikur.

Hinar mörgu stundir sem ég hafði lagt í trúarnámið urðu fyrirhafnarinnar virði. Það hafði gert mér kleift að vera verndari trúarinnar og miðla fagnaðarerindinu. Nokkrum vikum síðar var ég stolt yfir því að fjórir bekkjarfélagar mínir komu með mér kirkju.

Þessi upplifun kenndi mér mikilvægi vitnisburðar. Í fyrstu velti ég fyrir mér ástæðu þess að Drottinn hafði ekki sent mér hugboð um að hafa með mér bækurnar þennan dag. Þær hefðu hjálpað mér að svara betur spurningum kennarans. Mér varð hins vegar ljóst að við þurfum ekki að læra allt um kirkjuna utanbókar eða reiða okkur á tilvísanir – við ættum að læra fagnaðarerindið, lifa eftir og miðla því, og reiða okkur á heilagan anda. Þótt ég hefði ekki haft bækurnar, þá hafði ég vitnisburð minn. ■

Höfundur býr í Cagayan á Filippseyjum.



ÞAU SÁU HANN

*Þessir einstaklingar sáu í raun
hinn upprisna frelsara, en þið getið
líka verið vitni Krists,
á ykkar hátt.*

Hvernig haldið þið að það hafi verið að sjá hinn upprisna frelsara í eigin persónu? Hundruð manna á tíma Jesú þurfti ekki að ímynda sér hvernig það væri – þau sáu hann. Í ritningunum eru margar frásagnir um að hinn upprisni Drottinn hafi birst fólki, bæði í Nýja testamentinu og Mormónsbók. Þessir einstaklingar urðu vitni að einu mesta kraftaverki sögunnar: Að Jesús Kristur sigraði dauðann og gerði okkur öllum mögulegt að lifa aftur. Frekar ótrúlegt, ekki satt?

Hvað felst í því að vera vitni um Krist? Við skulum skoða nokkrar þessara frásagna í ritningunum og íhuga hvernig við getum líka verið vitni um Krist, án þess að hafa séð hann persónulega.

María Magdalena

María Magdalena var fyrsta vitnið. Sunnudagsmorguninn eftir krossfestinguna, kom hún að gröfinni, ásamt nokkrum öðrum konum, til að smyrja líkama Drottins. Þegar María komst að því að gröfin var tóm, grét hún. Einhver kom aftan að henni og spurði: „Kona, hví græt-ur þú?“ Ímyndið ykkur undrun hennar þegar hún komst að því að um Jesú var að ræða, upprisinn frá dauðum. (Sjá Jóh 20:1–18.)



PENNANT © ISTOCK/GETTY IMAGES

Lærisveinarnir tveir á veginum til Emmaus

Kleópas og annar lærisveinn voru á gangi á veginum til Emmaus þegar ókunnugur maður slóst í hóp með þeim. Deir þekktu ekki þennan nýja félaga sinn en þegar að kvöldverði kom, braut hinn ókunnugi maður brauð. Þá lukust augu þeirra upp og þeim varð ljóst að frelsarinn hafði ferðast með þeim allan tímann. „Brann ekki hjartað í okkur...?“ spurðu þeir hvor annan og íhuguðu fullvissuna sem þeir höfðu fundið um að hann hefði í raun verið með þeim. (Sjá Lúk 24:13–34.)



Postularnir tíu


Lærisveinarnir tveir, sem höfðu ferðast til Emmaus með Kristi, fóru aftur til Jerúsalem og sögðu tíu postulanna frá upplifun sinni. Meðan þeir töluðu, þá birtist þeim sjálfur frelsarinn og sagði: „Lítið á hendur mínar og fætur, að það er ég sjálfur. Dreifið á mér, og gætið að. Ekki hefur andi hold og bein eins og þér sjáið að ég hef.“ (Sjá Lúk 24:36–41, 44–49.)

Tómas postuli

Tómas postuli var ekki með þeim er frelsarinn birtist hinum postulunum, svo hann trúði ekki að Kristur hefði risið upp. Viku síðar birtist Kristur postulunum aftur. Að þessu sinni var Tómas með þeim og þar sem hann sá Krist, þá trúði hann að Kristur væri upprisinn. Frelsarinn ávitaði Tómas fyrir að trúa aðeins eftir að hafa séð: „Dú trúir, af því þú hefur séð mig. Sælir eru þeir, sem hafa ekki séð og trúa þó.“ (Sjá Jóh 20:24-29.)



MALVÆR AF TÓMASI EFTIR BRIAN CALL



Ellefu postular við Tíberíuvatn

Dag einn, stuttu eftir upprisuna, réru nokkrir postulanna út á Tíberíuvatn til fiskjar, en höfðu ekki erindi sem erfiði. Morguninn eftir birtist frelsarinn og bauð þeim að kasta netinu út hægra megin við bátinn. Eftir að hafa gert það, fylltist netið af fiski, svo þeir áttu fullt í fangi með að draga það inn. Eftir að hafa neytt matar saman, útskýrði frelsarinn mikilvægi þess að þjóna öðrum og sagði: „Gæt sauða minna.“ Postularnir helguðu sig einmitt þessu allt sitt líf – að upplýsa fólkið um Krist – og í sumum tilvikum fórnðu þeir jafnvel eigin lífi fyrir málstaðinn. (Sjá Jóh 21:1-22.)

HINN UPPRISNI KRISTUR VIÐ TÍBERÍUVATNI EFTIR DAVID LINDSLEY





EINN HIRDIR, EFTIR HOWARD LYON

Nefítarnir í Ameríku

Degar hann var krossfestur varð mikil eyðilegging í Ameríku af völdum jarð-skjálfta, elda og fleiri náttúruhamfara og þrír myrkir dagar mörkuðu dauða frelsarans. Síðar steig Kristur niður af himni og vitjaði um 2.500 manna, sem komið höfðu saman við musteríð í Gnægrarbrunni. Hann bauð fólkinu að þreifa á örum sára sinna, á höndum sínum, fótum og síðu, prédikaði fyrir því og blessaði börn Nefítanna, eitt af öðru, Fleiri komu saman daginn eftir og frelsarinn vitjaði fólksins og kenndi því. Að því kom að lærisveinarnir skipulögðu kirkju Krists og Nefítar hlutu svo máttugt vitni, að bæði þeir og Lamanítar snérust til trúar á Drottin. (Sjá 3 Ne 11–18; sjá einnig 3 Ne 8–10; 4 Ne 1.)

Vitni fyrr og nú

Kristur birtist líka mörgum öðrum, þar á meðal nokkrum konum sem komið höfðu til grafarinnar til að hjálpa Maríu Magdalenu að smyrja líkama Krists, yfir 500 manna hópi og Jóhannesi og Páli. (Sjá Matt 28:9; Post 9:4–19; 1 Kor 15:6–7; sjá einnig 3 Ne 19; 26:13.)

Okkur gefst kannski ekki kostur á að sjá frelsarann, líkt og þessi vitni gerðu, en við getum samt verið vitni um Krist. Þið getið sjálf leitað frelsarans, líkt og María gerði er hún fór til grafarinnar, með því að læra meira um hann. Þið getið líka iðkað trú á hann með því að halda boðorðin og fara eftir leiðsögn spámannanna. Þið getið líka borið kennsl á blessanir frelsarans í lífi ykkar, líkt og lærisveinarnir tveir á veginum til Emmaus gerðu. Ígrundið merkingu þess að vera vitni um Krist þessa páska. Þetta fólk var sjónarvottar, því það sá hinn upprisna Krist – en það er ekki aðeins á þann hátt sem við getum upplifað hann í lífi okkar. ■



LÆRIÐ AF HONUM

„Degar þið upplifið vitnisburð heilags anda um [Krist], sem staðfestur er anda ykkar á ýmsa vegu og við ýmsar aðstæður, og þið kappkostið að láta ljós ykkar skína með fordæmi hans, dag fyrir dag, og berið öðrum vitni og hjálpið þeim að læra um hann og fylgja

honum, þá eruð þið vitni Jesú Krist.“

Öldungur D. Todd Christofferson, í Tölfpóstulasveitinni, „Becoming a Witness of Christ,“ *Liahona*, mars 2008, 63.

SÍÐURNAR OKKAR

GUÐ SÉR OKKUR FYRIR VERKFÆRUM

Frændi minn er listamaður sem býr til lítil tréskip og setur þau í glerflöskur. Það er mjög tímafrekt að búa þau til og krefst mikillar einbeitingar.

Dag einn virti ég fyrir mér öll verkfærin hans og varð ljóst að hvert þeirra gegndi ákveðnu hlutverki í smíði skipanna. Þegar ég fylgdist með honum við smíðina, þá undraðist ég færni hans við að nota verkfærin til að búa til þessi litlu skip. Sagan um skipsmíði Nefís rifjaðist upp fyrir mér (sjá 1 Ne 17–18). Hann byggði það að fyrirmælum Drottins, en ekki manna. Guð sér okkur fyrir verkfærum til eigin skipasmíðar, að hans hætti. Ritningarnar, trú og elska til Guðs eru verkfæri sem ég þarf að nota til að smíða mitt eigið lífsins skip, svo það standist storm og sjó. Ég læri dag hvern að verða betri lærisveinn Drottins. ■

María Mercedes G., Monagas, Venesúela



EINMANALEIKI

Það var á köldu vori í Danmörku. Ég hafði nýlega hafið trúboðið mitt og átti ekki nægilega sterkan vitnisburð. Ég var aðeins 19 mánaða trúskiptingur og var afskaplega óframfærinn í ókunnugu landi, átti í erfiðleikum með tungumálið og rataði ekki um götur borgarinnar. Bænir mínar, sem áður höfðu verið litaðar af þakklæti, urðu að sárum ásökunum: „Guð, afhverju hefur þú yfirgefið mig?“

Morgun einn ákallaði ég hann í bæn. Í stað þess að segja „afhverju“ af særðu hjarta, þá bað ég um vitnisburð

um sannleika fagnaðarerindisins og að efi minn mætti hverfa.

Þegar ég hafði beðið, lauk ég upp ritningunum. Ég lenti á 5. Mósebók 31:6: „Verið hughraustir og öruggir, óttist eigi og hræðist þá eigi, því að Drottinn Guð þinn fer sjálfur með þér. Hann mun ekki sleppa af þér hendinni né yfirgefa þig.“

Hjarta mitt fylltist gleði er mér varð ljós bænheyrslan. Guð hafði alltaf verið með mér. Hann hafði einungis beðið eftir einlægri bæn í stað stöðugra ásakana um að hann hefði yfirgefið mig.

Guð mun aldrei yfirgefa mig, jafnvel þótt allt kunni að virðast vonlaust. Við getum upplifað sólargeisla hans fyrir tilstilli bænar og ritninga hans. ■

Clayton E., Texas, Bandaríkjunum

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞÉR

Líahóna hvetur þig til að miðla trú-
larreynslum og upplifunum. Sendu frásögn þín á liahona@ldschurch.org eða með tölvupósti til liahona@ldschurch.org. Skráðu fullt nafn, nafn deildar og stiku og láttu samþykki foreldra fylgja með.

ÁFRAM HERRANS HERIR

„Deir karlar og konur sem þrá að komast í himneska ríkið,
munu vita að þau þurfa dag hvern að há baráttu.“

(Teachings of Presidents of the Church: Brigham Young [1997], 294.)



„Hvernig veit ég hvort Guð hlustar á bænir mínar?“

Bænin er dásamleg blessun og okkur er heitið því að himneskur faðir leggi ætíð við hlustir, en oft þarf að leggja nokkuð af mörkum til að bera kennsl á svörin hans.¹

Íhugið þetta: Annaðhvort heyrir Guð í ykkur eða ekki. Ef hann gerir það ekki, þá er bænin auðvitað gagnslaus. Geri hann það hins vegar (sem hann og gerir!), þá þurfið þið að læra hvernig þið getið átt *raunveruleg* samskipti við hann í bæn, borið kennsl á svör hans og síðan breytt trúfastlega eftir þeim.

Pegar okkur finnst hann ekki hlusta, þá gætum við þurft að upplifa einhvern persónulegan þroska. Þið getið spurt ykkur nokkurra spurninga: Er ég flekklaus? Er ásetningur minn góður? Er ég fús til að gera það sem hann býður?² Ef svarið við öllum þessum spurningum er jákvætt, þá getið þið treyst því að „Drottinn Guð þinn muni . . . svara bænum [ykkar]“ (K&S 112:10). Hafði í huga að svör berast stundum óvænt eða svo vart verði eftir tekið.

Ef svar ykkar við einhverjum þessara spurninga er neikvætt, vitið þá að það er aldrei um seinan! Gerið nauðsynlegar breytingar á lífi ykkar, svo þið fáið notið andans. Verið fús til að bregðast við hugboðunum sem berast.

Hafið líka í huga að hver og einn hlýtur svör á ólíkan hátt. Biðjið þess að heilagur andi fái kennt ykkur hvernig *þið* getið borið kennsl á svörin. Það kann að vera erfitt í fyrstu, en æfingin skapar meistarann, líkt og á við um allt annað. Hafði trú og treystið því að himneskur faðir sé *ætið* að hlusta.

HEIMILDIR

1. Sjá Matt 7:7; Jakbr 1:5–6; Alma 33:4–11; Kenning og sáttmálar 8:1–2.
2. Sjá Richard G. Scott, „Learning to Recognize Answers to Prayer,“ *Ensign*, nóv. 1989, 32.



Hlusta á andann

Reynið að hlusta á heilagan anda. Fólk skynjar heilagan anda á ólíkan hátt. Þið gætuð verið

að hlusta eftir lágri, hljóðlátri rödd sem innblæstri, en svarið gæti komið í formi tilfinningar. Ég veit að heilagur andi mun segja ykkur það sem þið hafið þörf fyrir að vita – þið þurfið bara að leggja við hlustir.

Elise G., 13 ára, Alberta, Kanada

Svör í kirkju

Eitt sinn efaðist ég stórlega um hvort ég ætti að fara á stefnumót með einstaklingi sem var ekki í kirkjunni. Sunnudag einn flutti systir nokkur ræðu á sakramentissamkomu, sem virtist tala beint til mín. Á þeirri stundu hlaut ég fullvissu um að Drottinn hafði svarað bæn minni. Áður hafði ég ekki vitað hvað gera skildi en á þeirri stundu hughreysti heilagur andi mig og fyllti hjarta mitt af gleði og hugrekki. Guð svarar okkur í gegnum tilfinningar, hugsanir, ritningar og jafnvel ræðumenn í kirkju!

Karen V., 19 ára, Minas Gerais, Brasilíu



Minnast þess hver við erum

Ég veit að Guð heyrir í okkur, því bæn vekur frið, líkn og kærleika í hjarta mér. Ég skynja að Guð verndar mig og fjölskyldu mína dag frá degi gegn margskonar hættum og ég finn

kærleika hans til mín. Áður en ég fer í skólann, þá þyl ég ætíð upp þema Stúlknafélagsins. Það hjálpar mér að minnst þess að ég er dóttir himnesks föður, sem elskar mig.

Nicol M., 19 ára, Líma, Perú



Bæn barns

Ég veit að himneskur faðir heyrir bænir mínar, vegna þessara orða í Barnafélagssöngnum „Bæn barns“ (*Barnasöngbókin* 6): „Himneski faðir, eru þú þarna, heyrir og svarar bænum allra barna? Himinninn segja sumir langt frá, . . . finn ég hann samt fast mér hjá.“ Þegar ég minnst þessa söngs, veit ég að hann er að hlusta, því ég skynja andann og hans óendanlegu elsku til mín. Þegar ég minnst þess að hann elskar mig, finn ég huggun og fullvissu um að hann hlustar á bænir mínar.

Elaine B., 16 ára, Norður-Karólína, Bandaríkjunum

Setja traust sitt á hann

Himneskur faðir hlustar ætíð á bænir okkar, en stundum virðist okkur hann ekki svara þeim, því ekki er víst að hann svari eins og við óskum eða á þeim tíma sem við óskum. Við þurfum að vera fús til að beygja okkur undir vilja hans og treysta því að hann viti hvað okkur er fyrir bestu. Himneskur faðir elskar okkur og mun ætíð reyna að hjálpa okkur til þroska og vaxtar með bænheyrslu sinni.

Mosiah M., 17 ára, Utah, Bandaríkjunum

Biðjið og yður mun gefast

Í ritningunum er okkur kennt að Guð muni ætíð hlusta á bænir okkar og svara þeim, ef við biðjum í trú og af einlægni. Við munum finna fullvissu í hjörtum okkar um að hann hlustar á okkur, tilfinningu friðar og rósemdar. Við getum líka skynjað að allt muni fara vel, ef við förum að vilja föðurins. Ef við efumst um að hann hlusti á okkur, ættum við að leita leiðsagnar í ritningunum og síðan að spyrja um sannleiksgildi þess sem við lásam.

Constanza L., 20 ára, Bío Bío, Chile

Kanna það

Ég velti eitt sinn fyrir mér hvort Guð hlustaði á bænir mínar og fann þá svarið í hjarta mér. Ég hlustaði á einhvern gefa vitnisburð um bænina og ég fann fyrir heilögum anda. Ég hvet ykkur líka til þess að spyrja foreldra ykkar, biskup eða einhverja meðlimi í deild ykkar. Þið gætuð jafnvel beðist fyrir til að fá hjálp við þetta úrlausnarefni!

Joshua S., 13 ára, Oregon, Bandaríkjunum



EKKI GEFAST UPP

„Verið hlýðin, minnst þeirra stunda er þið hafið skynjað

andann og biðjið í trú. Svörin munu berast og þið munið finna kærleika og frið frelsarans. Ekki er víst að þau berist jafn skjótt eða á sama hátt og þið óskið, en þau munu berast. Gefist ekki upp!“

Öldungur James B. Martino, af hinum Sjöttu, „Turn to Him and Answers Will Come,“ *Liahona*, nóv. 2015, 59.

Biðja af einlægni

Eftir að þið hafið beðist fyrir, þá getið þið hlustað og gætt að því sem vaknar í hjarta. Svarið við bæn ykkar kann að leynast þar. Þegar við biðjum af einlægu hjarta, mun himneskur faðir svara í samræmi við trú okkar á hann. Hann svarar ekki í þeim eina tilgangi að seðja forvitni okkar.

Jean-Claude N., 16 ára, Kasai-Central, Lýðveldinu Kongó

NÆSTA SPURNING

„Hvernig get ég beðið vini mína að tala ekki óvingjarnlega eða ósæmilega um aðra?“

Sendið svörin ykkar og, ef þið óskið þess, ljósmynd af ykkur í hárrí upplausn, fyrir 15. maí 2017, á liahona.lds.org (smalið á „Submit an Article“) eða með því að nota netfangið liahona@ldschurch.org.

Látið eftirfarandi upplýsingar fylgja með: (1) fullt nafn, (2) fæðingardagur, (3) deild eða grein, (4) stika eða umdæmi, (5) skriflegt leyfi ykkar, eða foreldra ykkar, ef þið eruð undir 18 ára aldri, (netpóstur er viðunandi), til að birta svar ykkar og ljósmynd af ykkur.

Svartexti kann að verða stytur eða lagaður til.

Andrés og orðbragðið

Julie C. Donaldson

Byggt á sannri sögu

„Ég reyni að iðrast, að biðja og bæta mig“
(Children's Songbook, 98).

Þú heldur að þú sért betri en allir aðrir af því
að þú blótar ekki,” sagði Nikulás í frímínútum.

„Það er ekki satt,” sagði Andrés.

„Af hverju viltu þá ekki segja eitt ljótt orð? Bara
eitt? Það gerir varla útaf við þig. Allir
aðrir blóta.“

Andrés yppti öxlum. „Ég
bara vill það ekki.“

Andrés vissi að rangt var
að blóta og að það fældi
burtu heilagan anda.
Andrés vildi hafa heil-
agan anda hjá sér. Af
þeirri ástæðu blótaði
hann ekki.

Andrés var nýr í
skólanum og fram
að þessu var Nik-
ulás sá eini í sjötta
bekk sem vildi
vera vinur hans.
Nikulás áreitti
hann þó dag
hvern með
blótsyrðum.
Andrésí fannst
stöðugt erfiðara
að neita honum
um að blóta.
Andrés óttaðist líka
að Nikulás hætti að
vera vinur hans og
hann yrði þá alltaf einn.

„Segðu bara eitt ljótt orð,” sagði Nikulás
eftir skóla. „Þá skal ég hætta þessu.“

Loks varð Andrés svo

þreyttur á þessu áreiti

að hann sagði eitt
ljótt orð – orð
sem var ekki
of slæmt.

Nikulás
kinkaði kolli.

„Gott, nú
ertu einn
af okkur.“

Eftir þetta

töluðu vinir Nikulásar
líka við Andrés. Þeir borð-
uðu hádegisverð með honum
og spiluðu fótbolta við hann
í frímínútum. Að vera með
vinahópi Nikulásar var eins
og að ganga ofan í kviks-
and. Því oftar sem Andrés
varði tíma með þeim,
því meira tók hann
að líkjast þeim í





orði og verki. Þeir blótuðu allir. Heilmikið. Þeir gerðu gys að hver öðrum og smánuðu hver annan. Þeir töluðu dónalega um kennara sína. Þeir reiddust oft og sýndu af sér illgirni. Smám saman tók Andrés að reiðast oft og ástæðum þess að blóta fjölgaði.

Kvöld eitt þegar mamma og pabbi voru ekki heima, fóru Andrés og systir hans, Kata, að rífast yfir hvaða þátt skildi horfa á. Áður en Andrés fékk hugsað sig um hrökk upp úr honum blótyrði.

Kata horfði á hann miður sín. „Ég ætla að segja mömmu.“

Andrés hljóp inn í herbergið sitt og skellti hurðinni. Hvað var eiginlega að öllum? Af hverju eru þau alltaf að espa hann til reiði? Þegar foreldrar Andrésar komu heim, setti hann rifu á dyrnar og heyrði Kötú segja: „Mamma, Andrés blótaði að mér.“

„Hvað?“ Mamma virtist hissa. „Andrés myndi aldrei blóta.“

Andrés lokaði dyrunum og lét sig detta ofan í rúmið. Honum varð hugsað um hve mikið hann hafði breyst frá því hann byrjaði að blóta. Það var langt síðan hann hafði fundið fyrir heilögum anda.

Andrés kraup við rúmið og baðst fyrir. „Kæri himneski faðir, fyrirgefðu að ég hef verið illgjarn og reiður. Fyrirgefðu að ég tók upp á því að blóta. Ég ætla að verða betri.“

Þegar Andrés baðst fyrir, þá fann hann hlýja tilfinningu fylla brjóst sitt. Í fyrsta sinn frá því að hann byrjaði að blóta upplifði hann raunverulega gleði. Hann vissi að Guð elskaði hann og að hann gæti fundið fyrir heilögum anda. Honum fannst að sér hefði verið fyrirgefið og hann vissi að hann gæti breyst og orðið betri.

Eftir bænina játaði hann fyrir mömmu og bað Kötú afsökunar. Eftir þetta leið Andrési betur. Það var gott að iðrast.

Daginn eftir borðaði Andrés ekki hádegisverð með vinahópi Nikuláasar í skólanum. Þess í stað settist hann hjá nokkrum krökkum sem hann ekki þekkti. Andrés vissi að hann myndi finna góða og glaða vini, sem ekki blótuðu, þótt það tæki einhvern tíma. Sem væru alveg eins og hann sjálfur. ■

Höfundur býr í Utah, Bandaríkjunum.



ÁSKORUN

„Ég ætla að nota nöfn himnesks föður og Jesú Krists af virðingu. Ég mun ekki blóta eða nota dónaleg orð“ (Trúarreglur mínar).

☐

Skrifið eða teiknið öðru megin á blað hvernig tilfinningar góð orð vekja með ykkur. Skrifnið eða teiknið hinu megin á blaðið hvernig tilfinningar ljót orð vekja með ykkur.

☐

Lesið 3 Mós 19:12. Af hverju er mikilvægt að nota nöfn himnesks föður og Jesú Krists af virðingu?

☐

Spyrjið foreldri eða leiðtoga um ástæðu þess að okkur ber að nota gott mál og hvernig það hefur blessað þau.

☐

Ég ætla að reyna að . . .





Öldungur
David A. Bednar
í Tölfrpostulasveitinni

Hvernig get ég hjálpað fjölskyldu minni að vera sterk?



Segið fjölskyldu ykkar að þið elskið hana og sýnið það í verki.



Berið vitni um það sem þið vitið að er sannleikur fyrir vitni heilags anda. Gefið þeim vitnisburð ykkar sem þið elskið heitast.



Takið fúslega þátt í bænagjörð og ritninganámi með fjölskyldu ykkar. Takið virkan þátt í fjölskyldukvöldum og gerið þau skemmtileg.



Verið trúföst við að læra hið endurreista fagnaðarerini Jesú Krists, lifa eftir því og elska það.



Joy D. Jones
aðalforseti
Barnafélagsins

Búa sig dag hvern undir MUSTERIÐ

Þegar ég var 9 ára hafði ég dásamlegan kennara í Barnafélaginu sem hét systir Kohler. Ég var afar feimin og hún var svo vingjarnleg að ég naut þess að vera með henni. Dag einn útteildi hún blöðum til barnanna. Við skrifuðum öll það sem við vildum gera þegar við yrðum eldri. Ég skrifaði: „Fara í háskóla og giftast í musterinu.“ Ég límdi blaðið fyrir ofan skáphurðina mína. Á kvöldin skein götuljósið inn um gluggann minn. Ég horfði á blaðið mitt. Það minnti mig á þrá mína að fara í musteríð.

Þegar þetta var, voru musterin aðeins 12 í heiminum. Ég vildi fara í hvert og eitt þeirra.

Alltaf þegar foreldrar mínir skipulögðu sumarfrí ráðgerðu þau að við færum öll saman í musteríð. Við áttum heima í Oregon, Bandaríkjunum. Næsta musterí var í 965 km fjarlægð, í Cardston, Alberta, Kanada. Í bílnum okkar var engin loftkæling. Ég sat í aftursætinu, ásamt bróður mínum og systur. Við vorum von að láta blautan klút hanga út um bílrúðuna. Við settum hann síðan á hálsinn til að kæla okkur niður.

Það var unaðslegt að sjá loks musteríð. Ég vissi ekki hvað það var sem gert var í musterinu en foreldrar mínir voru ætíð glöð eftir að hafa varið tíma þar. Ég vissi að musteríð var afar mikilvægt. Ég vissi að það var hús Drottins. (Ég er í hvítri skyrtu á ljósmyndinni.)



Eftir að ég varð 12 ára, naut ég þess að taka þátt í skírnum í nokkrum musterum. Þegar ég síðan kynntist eiginmanni mínum, komst ég að því að hann elskaði líka musteríð. Við giftum okkur í Manti musterinu í Utah.

Við getum búið okkur undir musteríð á hverjum degi. Farið til musterisins þegar tækifæri gefst. Snertið vegg þess. Þegar ömmu-strákurinn minn, Jarret, var 11 ára gamall, þá vann hann að ættarsögu sinni á hverjum sunnudegi, ásamt pabba sínum. Hann fann mörg nöfn á sinna. Nú, þegar hann er 12 ára, getur hann tekið þátt í skírnum fyrir þessa áa sína í musterinu!

Þegar þið eruð í musterinu, þá getið þið gengið þar sem Jesús gengur. Þetta er húsið hans. Ég vona að þið biðjið dag hvern til himnesks föður um að hann aðstoði við að búa ykkur undir að fara í musteríð og finna elsku hans. ■

Skínandi stjarna

Jane McBride

Byggt á sannri sögu

„Gott er að vera saman í Barnafélaginu“ (Children's Songbook, 254).

Stjarna togaði í fötin sín. Það var enn skrítið að vera í kjól í kirkju. Í gömlu kirkjunni hennar voru stúlkur í buxum eða stuttbuxum á sunnudögum. Þannig var það ekki í nýju kirkjunni hennar. Hún og mamma hennar höfðu nýlega skírst í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Stjarna dæsti þegar hún leit í spegilinn. Hún hlakkaði til að fara í kirkjuna í fyrsta sinn, sem samþykktur meðlimur, en henni var þó svolítið órótt. Áður fyrr hafði hún verið hjá mömmu sinni allan kirkjutímann. Nú var hún hins vegar að fara í Barnafélagið.

Stjarna blikkaði augnum að spegilmynd sinni. Hvað ef hún samlagaðist ekki. Hvað ef hinum börnunum líkaði ekki við hana.

„Stjarna! Eru tilbúin?“ kallaði mamma.

Stjarna gekk niður stigann. „Er ég allt í lagi?“ spurði hún.



Mamma brosti. „Þú ert falleg.“

Stjarna setti upp svip. „Þú verður að segja það. Þú ert mamma mín.“

„Þú hefur rétt fyrir þér. Ég verð vissulega að segja það. Af því að það er satt.“

Stjarna brosti örlítið. Mamm átti alltaf gott með að láta henni líða betur. Hún hafði þó ennþá fiðring í maganum. Hvað ef ekkert hinna barnanna vildi

tala við hana? Hún átti vini í skóla, en þeir voru ekki meðlimir í nýju kirkjunni hennar. Hún vildi að hún ætti þó væri ekki nema einn vin sem færi í kirkju með henni.

„Ég man eftir svolitlu sem ég verð að gera,“ sagði hún við mömmu.

Hún hljóp aftur upp á loft og kraup við rúmið sitt. „Kæri himneski faðir, viltu hjálpa mér að eignast vini. Ég trúi að það sé satt sem trúboðarnir kenndu, en er svolítið hrædd.“

Stjarna dokaði við á hnjónum og hlustaði. Eftir andartak fann hún ljúfa, friðsæla tilfinningu og var ekki lengur eins kvíðin.

Í kirkju sátu Stjarna og mamma við hlið fjölskyldu þriggja lítilla stúlkna. Foreldrar þeirra kynntu sig og tóku mömmu tali, áður en samkoman hófst. Stjarna hjálpaði stúlkunum að lita mynd af Jesú.

Andrews biskup gekk til þeirra. „Systir Cunningham! Stjarna! Það er gott að sjá ykkur í dag.“ Hann brosti blítt til þeirra og heilsaði þeim með handabandi. Stjarna hafði gleymt því hve allir í kirkjunni voru almennilegir.

Kannski myndi hún eignast vin þrátt fyrir allt.

Eftir sakramentissamkomuna fór Stjarna í Barnafélagið. Hún skimaði óörugg yfir barnahópinn þegar hún settist niður. Þau voru að tala saman og virtust ekki taka eftir henni. Stjarna fékk sting í hjartað. Hún yrði þá útundan eins og henni kveið.

Í sama mund gekk stúlka á aldri við Stjörnu inn í kennslustofnuna. „Hún virðist líka óörugg,“ hugsaði Stjarna með sér. „Ég gæti farið og talað við hana.“

Stjarna dró djúpt að sér andann og gekk síðan að stúlkunni. „Halló, ég heiti Stjarna. Ég er ný hér. Viltu þú sitja hjá mér?“ Stjarna hélt í sér andanum. Myndi stúlkan vilja vera vinkona hennar?

Stúlkan brosti af hálfkæringi. „Ég heiti Sara. Ég er líka ný hér. Fjölskylda mín er nýflutt frá Ontario.“



„Ég og mamma létum skírast fyrir tveimur vikum,“ sagði Stjarna. „Ég veit ekki alveg hvað ég á að gera.“

Bros Söru breikkaði. „Við skulum komast að því saman.“

Stjarna og Sara sátu saman í stofunni. Stundum gaut Stjarna augunum að Söru og brosti. Sara brosti á móti. Stjarna fann fyrir friðsæld og var hamingjusöm. Hún vissi að himneskur faðir hafði bænheyrnt hana og hjálpað henni að eignast vinkonu.

Kennarinn bað Stjörnu og Söru að kynna sig.

Stjarna stóð upp. „Ég heiti Stjarna Cunningham. „Ég og mamma létum skírast fyrir tveimur vikum.“ Hún þagnaði og bros færðist yfir hana þegar hún horfði á hina nýju vinkonu sína. „Þarna er Sara, vinkona mín.“ ■

Höfundur býr í Kolórado, Bandaríkjunum.

HUGLEIÐIÐ ÞETTA!

Hvernig getið þið tekið á móti einhverjum sem er nýr í kirkjunni, með opnum örmum?



Vera ljós!

Elizabeth Pinborough

„Haldið því ljósi yðar á loft, til að það lýsi heiminum.
Sjá, ég er ljósið, sem þér skuluð halda á loft“ (3 Ne 18:24).

Við getum verið öðrum ljós með því að vera sannur vinur. Lesið ábendingarnar hér á eftir og bætið við ykkar eigin. Í hvert sinn er þið skrifið nafn einhvers sem þið viljið sýna kærleika, lituð þá meira af sólinni.

1. **Elska aðra:** Þið getið haft mikil áhrif á líf þeirra! Kristur elskar þau og reynið því að sýna þeim slíka elsku.

Nafn: _____

2. **Fyrirgefa:** Ef einhver særir ykkur, reynið þá að setja ykkur í þeirra spor. Ef þið fyrirgefið, þá getið þið mildað hjörtu þeirra.

Nafn: _____

3. **Hvetja:** Hrósið vinum ykkar fyrir styrkleika þeirra. Sjáið það besta í þeim, jafnvel þótt þeir þurfi að bæta sig. Það hjálpar þeim, ef þið sýnið ykkar besta!

Nafn: _____

4. **Hlusta á heilagan anda:** Orð ykkar geta gert slæmar aðstæður betri. Heilagur andi getur hjálpað ykkur að vita hvað skal segja og hvernig sýna má góðvild.

Nafn: _____

5. **Slúðra aldrei:** Óvinsamleg orð geta verið særandi. Látið aðra njóta vafans og leiðið hjá ykkur neikvæðar hugsanir.

Nafn: _____

6. **Styðja vini ykkar:** Ef þið horfið á íþróttaviðburð eða skóla-leikrit sem vinur tekur þátt í, þá gæti hann skynjað kærleika ykkar.

Nafn: _____

7. **Bjóða öðrum að læra um fagnaðarerindið:** Þótt fólk taki ekki vel í það, þá hafið þið sýnt að þið berið hag þess fyrir brjósti.


Nafn: _____

8. **Afla ykkur vina meðal ólíkra hópa:** Aðrir hafa svo margt gott að gefa af sér. Kristur liðsinni og elskaði alla menn, hverjir sem þeir voru.

Nafn: _____

Dreifra fagnaðararindinu

Notið þetta til að miðla kirkjusögufrásögnum!



Samuel Smith



Hyrum Smith



Parley P. Pratt

Eftir stofnun kirkjunnar, þá vildi himneskur faðir að allir heyrðu um fagnaðararindið. Fyrsti trúboðinn var Samuel, bróðir Josephs Smith. Hyrum, eldri bróðir Josephs, kenndi öðrum líka um fagnaðararindið. Dag einn sagði maður nokkur, að nafni Parley P. Pratt, Hyrum frá því að hann hefði varið heilum degi við lestur Mormónsbókar. Hyrum kenndi honum fleira um kirkjuna og hann var skírður. Parley þjónaði síðan í trúboði! Hann varð leiðtogi í kirkjunni.



Hugsað um Jesú

Lindsay Tanner

Byggt á sannri sögu

Mía var eftirvæntingarfull. Þetta var hennar fyrsta skipti í kirkju! Trúboðar höfðu sagt fjölskyldu hennar frá þessari kirkju. Þau ákváðu að fara þangað.

Mía horfði umhverfis sig. Hún sá hvítan dúk á borði. Eitthvað var undir honum.

„Hvað er undir dúknum?“ Spurði Mía einn trúboðann.

Systir Hanson brosti. „Það er sakramentið.“

Sakramentið. Það var flókið orð. Mía hafði heyrt trúboðana segja mömmu sinni og pabba frá því. Hún var þó ekki viss um hvað það væri.

Allir sungu söng. Tveir menn lyftu hvíta dúknum. Undir honum voru bakkar með brauði á! Mía fylgdist með þeim brjóta brauðið í smátt.

Eftir sönginn flutti annar mannanna bæn. Aðrir menn útdeildu brauðinu til allra.

„Brauðið hjálpar okkur að minnast



líkama Jesú,“ hvíslaði systir García.

Mía tók bita af brauði. Hún ímyndaði sér að Jesús stæði fyrir framan hana.

Síðan var önnur bæn flutt. Mennirnir fóru um með bakka og útdeildu litlum bollum með vatni í.

„Vatnið hjálpar okkur að minnast blóðs Jesú,“ hvíslaði systir García. „Hann dó fyrir okkur, því hann elskar okkur.“

Mía tók bolla með vatni. Hún hugsaði til þess hve heitt Jesús elskaði

hana. Henni fannst sem hann faðmaði hana innilega að sér.


Síðar gaf systir Hanson Míu litla mynd af Jesú. „Við neytum brauðsins og vatnsins til að minnast Jesú og lofum að fylgja honum.“ Hún brosti. „Hvað fannst þér um sakramentið?“

Mía horfði á myndina af Jesú. Hún minntist þess hve henni hafði liðið vel. Hún brosti. „Það var dásamlegt! Ég elska Jesú.“ ■

Höfundur býr í Kaliforníu, Bandaríkjunum.

Jesús gaf okkur sakramentið

Kim Webb Reid




Jesús vissi að tími hans á jörðu var næstum liðinn. Hann bauð postulum sínum að koma til að neyta Síðustu kvöldmáltíðarinnar. Hann gaf þeim sakramentið og bauð þeim að hafa sig ávallt í huga.



Jesús fór í garðinn til að biðjast fyrir. Hann kvaldist fyrir allar syndir og allt hið slæma í lífi allra manna. Síðan dó hann á krossi og var settur í gröf.

Á sunnudagsmorgni eftir dauða Jesú, komu konur nokkrar að gröfinni. Grafarsteinninn hafði verið tekinn frá munanum og gröfin var tóm! Hvar var Jesús?



Hann hafði lifnað við! María Magdalena sá Jesú. Hann vitjaði postula sinna, svo þeir yrðu undir það búnir að kenna fagnaðarerindið eftir að hann færi aftur til himins.



Þegar ég meðtek sakramentið, þá hugsa ég um Jesú. Ég minnst þess að hann lifði og dó og reis upp fyrir mig, svo ég fái lifað aftur! ■



Páskaliljur



Hvítar og fallegar páskaliljur geta minnt okkur á hinn dásamlega dag þegar Jesús reis upp.

Fimm hvítar liljur eru faldar í þessari mynd. Í hvert sinni sem þið finnið eina, nefnið þá eitthvað sem þið hafið lært um Jesú.





Öldungur Bruce R.
McConkie (1915-1985)
í Tólfpostulasveitinni

MÁTTUR GUÐS

Trúin er máttur og máttur er prestdæmið.

Guð er Guð af því að í honum felst öll trú, allur máttur og allt prestdæmi. Lífið sem hann lifir nefnist eilíft líf.

Við getum líkst honum upp að því marki sem við fáum tileinkað okkur trú hans, mátt hans og iðkað prestdæmi hans. Þegar við síðan höfum orðið eins og hann er, í fullri og sannri merkingu þeirra orða, þá munum við líka öðlast eilíft líf.

Trú og prestdæmi eru samofin. Trúin er máttur og máttur er prestdæmið. Eftir að við höfum öðlast trú, þá hljótum við prestdæmið. Við vöxum síðan í trú, fyrir tilstilli prestdæmisins, hljótum allan mátt og verðum eins og Drottinn.

Tími okkar hér í jarðlífinu er reynslutími helgaður prófraunum. Við njótum þeirra forréttinda meðan við erum hér að fullkomna trú okkar og vaxa að prestdæmismætti. . . .

Hið heilaga prestdæmi nýttist mönnum betur til fullkomnunar á tíma Enoks, en á nokkrum öðrum tíma. Þá var það kunnugt sem regla Enoks (sjá K&S 76:57). Það var fyrir þann mátt sem hann og fólk hans varð numið



upp. Það var numið upp því það hafði trú og iðkaði mátt prestdæmisins.

Það var við Enok sem Drottinn gerði eilífan sáttmála um að allir þeir sem hlytu prestdæmið myndu hafa mátt, fyrir trú, til að ríkja yfir og stórna öllu á jörðu, til að standast her þjóða og koma fram fyrir Drottin íklæddir dýrð og upphafningu.

Melkisedek var maður sem hafði álíka trú „og fólk hans var réttlátt og hlaut stað á himni og leitaði borgar Enoks“ (Joseph Smith Translation, Genesis 14:34). . . .

Hver er þá kenning prestdæmisins? Hvernig ber okkur að lifa sem þjónar Drottins?

Sú kenning felst í því að Guð faðir okkar er dýrðleg, fullkomin og upphafin vera, sem hefur allan mátt, allan

kraft og öll yfirráð, þekkir alla hluti og er óendanlegur í öllum eiginleikum og lifir í fjölskyldueiningu.

Hún felst í því að okkar eilífi faðir nýtur sinnar háleitu dýrðarstöðu og fullkomnunar og máttar, af því að trú hans er fullkomin og prestdæmi hans ótakmarkað.

Hún felst í því að þetta prestdæmi er einmitt auðkenni máttar Guðs, og ef við viljum líkjast honum, þá verðum við að iðka prestdæmi hans eða mátt eins og hann gerir það. . . .

Hún felst í því að við höfum mátt, fyrir trú, til að ríkja yfir og stjórna öllu, bæði stundlegu og andlegu, til að gera kraftaverk og fullkomna líf, til að standa í návist Guðs og vera eins og hann er, af því að við höfum öðlast trú hans, fullkomnun hans og mátt hans eða, með öðrum orðum, fyllingu prestdæmis hans.

Í þessu felst því kenning prestdæmisins og ekkert er eða getur orðið þessu meira. Þetta er sá máttur sem við getum öðlast fyrir trú og réttlæti.

Vissulega er máttur í prestdæminu – máttur sem við leitumst við að nota, máttur sem við biðjum af einlægni að megi hvíla á okkur og niðjum okkar að eilífu. ■

Úr aðalráðstefnuræðu sem ber heitið „The Doctrine of the Priesthood,” Ensign, maí 1982, 32–34; starfsetning færð í nútímahorf.



**AÐRA SAUÐI Á ÉG,
EFTIR ELSPETH YOUNG**

Hinn upprisni Drottinn heimsótti sína „aðra sauði“ (3 Ne 15:21) í Ameríku og á fleiri stöðum. Nefítarnir fundu „naglaförin á höndum hans og fótum. Og þannig hélt fólkið áfram, hver af öðrum, uns allir höfðu gengið fram, og allir sáu með augum sínum og fundu með höndum sínum og vissu með öruggri vissu og báru því vitni, að þetta var sá, sem spámennirnir höfðu ritað um, að koma mundi“ (3 Ne 11:15).

Einnig í þessu blaði

FYRIR UNGT FÓLK

Að skilja **patriarkablessun** ykkar

Patriarkablessanir greina ekki frá öllu því sem getur gerst í lífi okkar, en þær sjá okkur fyrir persónulegum leiðarvísi sem getur gert okkur kleift að öðlast hina dásamlegu hamingju, er himneskur faðir geymir hverju okkar.



bls.
44

FYRIR UNGLINGA



bls.
58

ÞAU SÁU **HANN**

Þau voru vitni um hinn upprisna Krist.
Hvernig við getum verið vitni í dag.

FYRIR BÖRN

Jesús gaf okkur sakramentið

Við meðtökum sakramentið
í hverri viku. Vita börn ykkar
þó ástæðu þess?



bls.
76



KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU